# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

## Aðfnr. 1283, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl haustið 1896.
Kæru og fl. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

Í. N. J. M. Reykjav. 13. Jan. 1897.

Lækkað
Þork. Halldórs. - 2,00
Guðm. Þorst. Pelsh. 2,00
Guðm. Guðm. Kragg. 4,00
Jón Magn. Brád. 4,00
Guðm. Einarss. Nýjab. 2,00
Joh. Jónss. Bakka 2,00
Jón Einarss. Kleppi 3,00
Stein. Jónsd. Tóllum 2,00
Dav. Joh. Skúlat. 5,00
Astr. Melsteð, 5,00.
Steinunn Thorar. 5,00
Páll Hafliðas. 2,00
Ukunn. [illegible] 10,00.
Magn. Einarss. Litlasel - 4,00.
52,00

Hækkað
Þorst. Þorst. skipstj. 10,00
Þórhildur Tómasd. - 15,00

Bætt við:
Oddur Arnórss. Keplaskjól - 10,00

Fellt niður
Hald. Kr. Þorst. - 12,00.

Óbreytt.
Rafn Sigurðs.
Þorst. Tóm. Spítalaveg.
Hafn. Ólafsd. Rokke
Soffía Jónsd. Bakka
Ed. Þorbergs. Raðagerði
Sigr. Jóns. Sjólyst
H. Þórðars. Sumarliðab. Rvk.
Hannes Þorst. ritstjóri
Einar Magn. Holtast.
Njáll Þorst. Rvk.
Þórh. Guðm. verzlm.
Sig. Jónss. fangavörður
Tómas Gíslason, Vesturg.

Hjermeð skal jeg sem formaður niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík tjá yður, herra bæjarfógeti, að þegar niðurjöfnunarskráin á aukaútsvörunum, sem nefndin gjörði í síðastliðnum nóvembermánuði, hafði legið frammi til sýnis og hinn lögákveðni kærufrestur var útrunninn 28. f. m., hafði nefndin meðtekið 29 kærur frá ýmsum gjaldþegnum, viðvíkjandi niðurjöfnunarskránni. Kærur þessar hefur nefndin úrskurðað 11. þ. m., eptir að hún hafði útvegað sjer þær skýrslur og upplýsingar, sem henni þótti þörf fyrir; og hafa við úrskurðina orðið eptirfarandi breytingar á niðurjöfnunarskránni.

1. Bætt við nýjum gjaldanda:
Oddur Arnórsson í Keplaskjóli - - kr 10,00.

2. Hækkað útsvar þessara gjaldenda:
Þorsteins Þorsteinssonar, skipstjóra, Lindargötu um kr 10,00.
Frú Þórhildar Tómasdóttur, Reykjavík - 15,00 | 25,00.
Hækkun samtals - kr 35,00.

3. Fellt niður útsvar gjaldanda:
Halldór Kr. Þorsteinsson, stýrimaður, Lindargötu - kr 12,00.

4. Gjaldendur, er gjald hefur verið lækkað á:
(lækkað um)
Þorkell Halldórsson, Eiðsstöðum - - kr 2,00.
Guðm. Þorsteinsson, Pelshúsum - - - 2,00.
Guðm. Guðmundsson, Kraggulfsstöðum - 4,00.
Jón Magnússon, Bráðræði - - - 4,00.
Guðm. Einarsson, Nýjabæ, Kleppsholti - 2,00.
Jóhannes Jónsson, Bakka, Rvk - - 2,00.
Jón Einarsson frá Kleppi - - - - 3,00.
Steinunn Jónsdóttir, Tóttum - - - - 2,00.
Davíð Jóhannesson, Skúlaskeiði - - - 5,00.
Ástríður Melsteð, Rvk - - - 5,00.
Steinunn Thorarensen, Rvk - - - 2,00.
Páll Hafliðason, skipstjóri - - - 10,00.
[illegible] - - - 4,00 | 52,00.
Magnús Einarsson á Litlaseli
Lækkun samtals 64,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalniðurjöfnunarupphæðin hefur þannig eptir úrskurðum nefndarinnar lækkað um (kr 64,00 ÷ kr 35 =) 29 kr.

Kærur frá eptirnefndum gjaldendum yfir útsvari þessu voru ekki teknar til greina að neinu leyti:

1. Rafni Sigurðssyni, skósmið
2. Þorsteini Teitssyni, Efri-Vegamótum.
3. Olafi Ófeigssyni, verzlunarmanni.
4. Soffíu Jónsdóttur, lausakonu, Bakka
5. Erlendi Þorleifssyni, Ráðagerði.
6. Steingrími Jónssyni, Sölfhól.
7. Olafi Þórðarsyni (frá Sumarliðabæ), Rvk.
8. Hannesi Þorsteinssyni, ritstjóra.
9. Einari Magnússyni á Holtastöðum.
10. Narfa Þorsteinssyni í Reykjavík.
11. Þorsteini Guðmundssyni, verzlunarmanni.
12. Sigurði Jónssyni, fangaverði.
13. Tómasi Gíslasyni, Vesturgötu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

fyrir sjúkleika sakir
lækkað um 2 kr. – 1898 [illegible]

nú gjald 12.00.
12.–

Þegar jeg las Niðurjöfnunar skrána
sá jeg að lagt hefur verið á mig að gjalda
12 kr næsta ár. Þettað gjald þykir mjer
vera nokkuð hátt í samanburði við aðra
sem jeg veit að hafa líkt gjald en þó að mjer
fynst betri ástæður. Fyrst og fremst hefi
jeg verið svo heylsulasin syðan fyrir syðurtu
vertíðarlok að jeg hefi ekki stundað at=
vinnu svo nokkru nemi og varð að seigja
upp kaupavinnu um slátin svo hafi jeg
fyrir barni að sjá einsamall og kosta
það í skóla því jeg er einn mins liðs
sem mjer er þungbært í þessum kringum
stæðum. | En til samanburðar ætla jeg
að tilgreina nokkra menn. Olafur Jóns
son í Skáld á að gjalda 12 kr hann hefur
eitt barn. heylsugóður maður. Guðjón
Björnsson á Móbergi með 1 barn hann

No 2/1896. – 8/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á gjalda 6 kr. Þórður Magnússon á Brekkholti hann hefur ogsvo 1 barn og á að gjalda 8 kr þessir þrír menn eru ólíkt heylsubetri en jeg og í alla staði ~~standa~~ eru betur standandi bæði að aldri og heylsu. Eftir þessum samanburði álít jeg að mjer sje gjört erviðast fyrir, og fleyri gæti jeg talið upp – uppá sama máta. Vil jeg því virðingarfyllst óska þess að nokkuð yrði dregið úr þessu gjaldi mínu og vona að það verði ekki álitið ósanngjarnt

Virðingarfyllst

á Eystöðum Bræðraborgarstíg 8/12 – 96

Þorkjell Halldórsson

Lagt í eftir gjaldslýsingu 18

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorkell Halldórsson á Eiðsstöðum,
Bólstaðarhlíðarþing.

Í Bæjar-Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg hefði lagt fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur útsvarskæru yðar, dags: 8. þ. m., hefur nefndin á ~~fundi~~ fundi úrskurðað, að lækka útsvar yðar um <u>2 Kr.</u> (þ. e. úr 12 Kr. ofan í 10 Kr.), með tilliti til þess, sem þér hafið upplýst um heilsulasleika yðar síðastliðið ár.—

Þetta hefur nefndin falið mjer að tilkynna yður, og skal jeg jafnframt geta þess: að hún fann enga ástæðu til þess, að lækka útsvar þeirra manna, sem þjer hafið vísað til samanburðar.—

No 2/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Atvinnu kominn / þrengri í bandr. }

Gjöld nú — 75,00.

— 1895 — 60,00.

Standi óbreytt.

Engin upplýsing um tekjurnar.

Þótt mér sé það óljúft sé eg mig þó knúðan til að kvarta yfir fátækraútsvari því, er hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig nú í ár, því að eg sé ekki, að það sé á neinni sanngirni byggt, hvorki út af fyrir sig skoðað né í sambandi við suma aðra, er vitanlega hafa miklu betri ástæður en eg, og þó ekki hærra útsvar, heldur sumir jafnvel töluvert minna.

Mér eru lítt kunnar þær ástæður, er nefndin hlýtur að bera fyrir sig til að réttlæta hækkun á útsvari mínu úr 60 kr. upp í 75 kr. Naumast getur það verið vegna þess kostnaðar, sem eg hef lagt í utanför mína (um 2000 kr.), nema hún álykti á þá leið, að fyrst eg hafi ráðist í þá ferð, hljóti eg að vera betur efnum búinn, en flestir aðrir, er eigi hafa lagt í jafnmikinn kostnað og þessvegna sé rétt að hækka útsvar mitt drjúgum. Það liggur nú í augum uppi, hvort eg muni hafa meira gjaldþol eptir ferðina en áður. Að öðru leyti kom mér ekki til hugar, að nefndin segði mér sakir þessarar farar, og ætla heldur ekki að mælast til þess nú af þeim ástæðum.

Nº 19/1896. – 21/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá er eg var að leita að ástæðum hjá nefndinni fyrir útsvarshækkan minni, datt mér í hug, að hann mundi líklega hafa orðið þungur á metunum hjá henni þessi arfahluti, sem mér hlotnaðist í ár eptir tengdaföður minn. Hún hefir sjálfsagt ímyndað sér, að hann hefði verið stórum meiri en hann var og er það ef til vill vorkun. En þá er eg nú fræði hana á því, að hann var alls 950 krónur, þá virðist ekki sérlega mikil ástæða að hækka útsvar mitt sakir þess, þá er þess er gætt, að eg hef undanfarin ár haft töluverðan fjárstyrk af landssjóði til skjalavörðunar o.fl., eins og nefndinni mun kunnugt enda hefir hún eigi gleymt að leggja á þann styrk hingaðtil, og hef eg ekki kvartað yfir því. En nú fell styrkur þessi algerlega niður í fyrra, og hefði nefndin átt að taka eitthvert tillit til þess, ef hún vill vera sanngjörn í álögum sínum, sem hamla má efast um. Þá er nú þar við bætist, að auk 2 unglinga, sem eg hef fram að færa, konu og bróður mitt í skóla, og þótt nefndinni finnist ef til vill eigi ástæða til að vægja mér vegna þess, þá er þó ekki rant að telja ölmusulausa skólapilta matinnanga. Ennfremur má geta þess, að eg hef nú þriðjungi dýrari leiguíbúð en eg hef áður haft, sakir þess að hin eldri íbúð var allt of ófullnægjandi fyrir mig, og þótt viðbótin sé eigi meiri en 120 kr. á ári, þá munar þó um það.

[Margin: [illegible] barn, og [illegible]]

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hlýtur að vera þeirrar

(skoðunar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að atvinna mín sé mjög arðberandi og jafnist á við hæstu embættismannalaun. En nú má honum vera kunnugt, að eg hefi enga aðra atvinnu, en eitt einasta blað snöggt og snautt. Það er þó nýlega orðið mjög andsamt að gefa út blöð hér á landi. Hingaðtil hefir það verið álitið, að það væri alsendis ómögulegt að lifa af þeirri atvinnu einni saman, allrasíst með nokkra fjölskyldu. Og veit ekki betur, en að þá er Þorleifur Jónsson var ritstjóri og eigandi Þjóðólfs, þá væri útsvar hans að jafnaði 60-70 kr., og var hann þó einn síns liðs, og átti auk þess jarðeignir allmiklar. Það má nú geta nærri, hvort Þjóðólfi hefir vaxið svo mjög fiskur um hrygg síðan, að hann geti nú framfleytt 6 mönnum með jafnmiklum arði. Vitaskuld er það, að útsvör hafa hækkað til muna almennt síðustu ár, en hvergi nærri svo, að þessi samanburður verði ekki einna gjört sönnun fyrir því, að nú sé óhæfilega mikið lagt á eitt einasta blað. Og þá er þess er gætt, að ný blöð fæknastór og með glæsilegum fyrirheitum eru og hafa verið að þjóta upp í öllum áttum, þá getur hver heilvita maður séð, hvort það hefir ekki áhrif á samskonar atvinnu.

2 Setjum nú svo, að eg hafi nú sem stendur 2000 kr. tekjur af blaðinu, þá er allt er reiknað, sem er full-hatt sett, þá sé eg ekki betur, en að menn, sem hafa 2000 kr. föst árslaun úr landssjóði og engum fyrir

að sjá nema skrokknum á sjálfum sér, eigi að
bera ofurlítið hærra útsvar en jeg. Jeg vil taka til
dæmis Þorleif Bjarnason adjunkt, sem hefur
jafnhátt útsvar. Skyldi hann ekki hafa erft eptir
móður sína meir en 900 krónur? Og skyldi hann
ekki eiga eitthvað í húsinu í Aðalstræti 7? Er nefnd-
inni vel kunnugt um það? En viti nefndin ekkert
um þetta mun hún samt vita það, að hann hefur
ekki „þungum hala að veifa“, sem kallað er. Jeg gæti
nefnt marga fleiri, sem að mínu áliti hafa hneykslan-
lega lágt útsvar í samanburði við mig, en eg vil ógjarnan
gera þeim heiðruðu herrum, hver sem þar eiga hlut
að máli gramt í geði með því að nefna nöfn þeirra.

Af framangreindum ástæðum krefst eg þess, að nefndin
að minnsta kosti færi útsvar mitt niður í 60 kr. úr
75 kr. Það mun líklega þýðingarlaust að fara fram
á frekari lækkun, þótt útsvarið ætti í rauninni ekki að vera
meira en 40-50 kr. í hæsta lagi. Jafnframt vil eg skjóta því
til nefndarinnar, hvort henni þyki ekki sanngjarnt mæla með
því, að þessum 15 kr. frá mér sé bætt við hr. adj. Þorleif Bjarna-
son. — Að svo mæltu ímynda eg mér, að nefndin þurfi ekki
á frekari ástæðum frá minni hálfu að halda til að sann-
færast um réttmæti og sanngirni kröfu minnar.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 21. desbr. 1896

Hannes Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Hannes Þorsteinsson ritstjóri,
Reykjavík.

Í Bjstj. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

No 19/1896.

Eptir að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur meðtekið bréf yðar, herra ritstjóri, dags. 21. f. m., þar er þér kærið yfir aukaútsvari yðar fyrir yfirstandandi ár, sem nefndin ákvað yður í síðastliðnum nóvembermánuði; hefur hún athugað og rætt kæru yðar á fundi; og síðan úrskurðað, að breyting verði eigi gjörð á útsvarinu. Sömuleiðis hefur hún úrskurðað, að láta útsvar adjunkts Þorleifs Bjarnasonar standa óbreytt, þrátt fyrir kæru yðar.

Þetta hefur nefndin þótt nægja að tilkynna yður, og getur þess jafnframt, að þér hafið eigi gefið neina skýrslu um tekjur yðar til leiðbeiningar fyrir nefndinni. Aðeins má ráða það af ~~til~~ kærunni, að tekjur yðar af Þjóðólfi séu eigi minni en 2000 kr. á ári. Ennfremur sést það af kæru yðar, að þér hafið í haust haft ráð á að ~~..~~ verja um 2000 kr. til skemmtiferðar til útlanda, og að þér árið sem leið hafið haft minnst 950 kr. tekjuauka, þar sem er arfur yðar eptir tengdaföður yðar heitinn. Auk þessa hefur nefndin sjeð það fyrir satt, að þér eigið peninga á vöxtum (í landsbankanum) og að yður hafi græðst drjúgum fé undanfarin ár. Ennfremur er oss það kunnugt að kona yðar hefur haft arðberandi at-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vinnu við kennslu og ef til vill ritstörf.
Framfærslubyrði yðar telur nefndin eigi
stórvægilega, þótt þjer haldið bróður yðar
í skóla, og hafið 2 unglinga á heimili
yðar, sem þjer hafið mikið verk af
við störf þau, sem leiða af útgáfu
blaðs yðar; álítum vjer að annar ungl-
inganna megi að [illegible] kost- [illegible]
ats matreiningu. — Þegar nefndin
athugaði allt þetta, og á hinn bóginn
þekkti að jafnan væri tekjuverk hærri út-
svarsupphæð í ár en í fyrra, komst hún
að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt
væri að lækka gjald yðar eins og
hún hefur ~~gert~~ gjört. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engin upplýsing um
engin tekjur. –
nýj. ut. –

Gjald – Kr 60,00.
d° 1895 – 56,00. –

Þar sem að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast og fundist réttlátt, að jafna á mig 60 Kr. aukaútsvar fyrir árið 1897 í stað 56 Kr. f. á., þá vil ég hérmeð láta hina heiðruðu nefnd vita, að ég er mjög svo óánægður með þessi úrslit, og vil hérmeð leyfa mér, að nefna nokkra til samanburðar, sem hafa mér mikið meiri inntekt, hafa fyrir engum, eða færri ómögum að sjá, en hafa verið sektir í mikið lægra aukaútsvar, heldur en ég; leyfi ég mér að nefna:

1. Lárus Lúðvígsson skósmið, sem hefur 9. menn á vinnustofu sinni, á nýtt steinhús, keypti fyrir fáum missirum hús er nú að byggja undirstöðuna að þriðja húsinu. Maður sem hefur mikla verzlun með skófatnað og stórmiklar tekjur. Auðvitað er hann ómagamaður, en tveir elztu synir hans vinna í föðurgarði, honum fullt gagn, annar sem reikningafærari og hinn sem skóari. Hann á að borga eitthvað fyrir neðan 30 Kr.!

2. Frú Herdís Benidiktsen, einhleyp, stóreignaeigandi, hún á að borga 50 Kr.!

3. Magnús Benjamínsson úrsmiður, á 2 hús og byggir í sumar mikla viðbót við hús sitt hér í bænum fyrir sjö þúsundum króna nemi, hefir eigi fyrir fleirum að sjá en sér og konu sinni, á stóreign (hús) mjög arðsama inn undir Þekjunni; hefur tilfallz arðsamari atvinnu en ég, honum er ætlað að borga 45 Kr.!!

Mikill er munurinn herrar mínir!

4. Sigurður Jónsson, kaupmaður, járnsmiður og ofnapantari ...

N° 1/1896. – 7/12 96

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stórauðugur húsaeigandi og húsaseljandi, sem byggir og selur eina stóreignina eptir aðra, hefur í ár byggt hús, hefur eina hina arðsömustu atvinnu, en aðeins 1 ómaga. Honum er ætlað að borga 40 Kr.!

5. Júlíus Skau steinhöggvari, alveg ómagalaus maður, selur og kaupir hús árlega, hefur bezta arðsömustu atvinnu, og ofaná allt annað, byggir nú í sumar stærsta prívat hús sem byggt hefir verið í eystri enda bæjarins, hann metur hin heiðraða nefnd til 30 Kr. útsvars! Myndi hér ekki kasta kálfunum!

Þessi örfáu framanskráðu dæmi eru aðeins lítið brot úr hinum fjölda dæma sem nefna mætti. Og þar sem að nefndin undanfarin ár, hefir tekið tillit til sjávarútgerðar minnar, þá gefst henni hérmeð til vitundar, að hún hefir engin verið þetta ár, enda myndi eigi hafa orðið mikill arður til að gjafna niður af, af henni.

Hin heiðraða nefnd ímyndar sér víst, að ég eigi hús mitt skuldlaust, en til leiðbeiningar ætti nefndin í því efni, að leyta sér upplýsinga hjá herra landfógetanum.

Eins og ég hér að framan hefi drepið á, finnst mér að nefndinni hafi verið mjög mislagðar hendur, er hún jafnar niður á framanskráða menn, svo hlægilega litlar upphæðir, en jafnar á mig, – mann sem hefi 4 menn á vinnustofu minni, á fyrir 3 mönnum að sjá og veit bezt sjálfur hve mikinn arð eða beina inntekt ég hefi haft af iðn minni þetta ár – 70 Krónur!, sem mér þykir svo fjarri öllum sanni, að ég leyfi mér hérmeð að skora á hina heiðruðu nefnd að færa útsvar mitt niður í að minnsta kosti 40 Kr., og að færa tiltölulega upp aukaútsvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar oftnefndra manns, svo réttur jöfnuður verði á.

Leyfi eg mér svo að mælast til skriflegs svars frá hinni heiðruðu nefnd, hið bráðasta.—

Reykjavík, 7. Desember 1896.—

Virðingarfyllst

Rafn Sigurðsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra skósmiður Rafn Sigurðsson.

Í NjR Rvík, 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg ~~hefi~~ hefði lagt fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur brjef Yðar, dags. 7. f. m., yfir auka-útsvari því, sem nefndin gjörði Yður í síðastliðnum nóvembermánuði, og hún hafði athugað kæru Yðar ítarlega, hefur hún á fundi úrskurðað, að taka kæru Yðar ekki til greina, þannig að hún hefur hvorki lækkað útsvar Yðar, nje hækkað útsvar gjaldþegna þeirra, sem þjer hafið tekið til samanburðar.—

Þetta hefur nefndin falið mjer að tilkynna Yður, og skal jeg jafnframt taka það fram, að þar sem nefndin hefur hækkað útsvar Yðar um 4 kr. frá því í fyrra, þá kom það til af því, að aðalútsvarsupphæð bæjarbúa var að mun hærri nú en í fyrra og varð því að hækka á einhverjum gjaldþegnum, og taldi nefndin Yður einn meðal þeirra, sem líklegastur væri til þess, með tilliti til efnahags Yðar, mikillar og arðsamrar atvinnu, ~~þeirra~~ alkunnugs dugnaðar, fremur lítillar framfærslubyrði, og þess að þjer hafið nýlega tekið arf, en á hinn bóginn gefið þjer nefndinni í brjefi Yðar engar upplýsingar um tekjur Yðar og efnahag, svo að álit hennar um þessi efni gat eigi breyzt við brjef Yðar.—

(af Yðar hálfu

No 1/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 2 Kr. vegna barns ?

Greið nú Kr 14,00.
1895 – 14,00.

Eftir að jeg hef skoðað þá niður jöfnun á fatækra gjaldi fyrir Reykjavík sem nú liggur fyrir verð jeg að komast á þá skoðun að útsvar mitt sje ofhátt samann borið við suma aðra 14 Kr. til dæmis Guðmund Pálsson á Melstað hann er fullvinnandi maður hafði góða atvinnu á þil skipi í sumar og á part í húsi því sem hann býr í aftur á móti fór eg austur og hafði uppúr þeirri ferð 80 kr og sýðann eg kom einga gagnsvinnu þar á ofann hefur mjer bæst barn sýðann í fyrra sem eg borga með 100 kr kontant en er sjálfur leigjandi.

af þessu leiðir að jeg vona að niðurjöfnunar nefnd inni þóknist að yfir vega þettað sem framm er tekið og annað hvert hækka á fyr nefndum Guðmundi eða lækka á mjer því hlutföll þessi sem eru geta ekki verið rjett

Pálshúsum 9 Decbr 1896

Guðmundur Þorsteinsson

Til
Niðurjöfnunar nefndarinnar í Reykjavík,

No 3/1896 – 9/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðmundur Þorsteinssyni, Pálshúsum,
Reykjavík.

Í Bjstj.: Rv.:, 9. Jan., 1897.

Út af ítrekaðri ydar, dags: 9. des. f. á., sem ~~nefndin~~ niðurjöfnunarnefndin hefur íhugað og rætt á fundi, hefur hún ákveðið að lækka útsvar ydar fyrir yfirstandandi ár um 2 Kr. (þ. e.: úr 14 Kr. ofan í 12 Kr.) með tilliti til ómegðarinnar, sem þér segið að ydur hafi ~~bætzt~~ bætzt síðan í fyrra.

Þetta hefur nefndin falið mér að tilkynna ydur, og það jafnframt, að henni hefur eigi þótt ástæða til að lækka gjald á Guðmundi ~~Þorsteinssyni~~ Þórðarsyni á Melstað.

No 3/1896.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þ. þ. skipstj.
H. Kr. þ. skyrin.
Kolb. , saszti
fjorh. ? þeir
Kina. Eldra

Konan engines ósin agi
húseigandi

Út af brjefi ydar dagsettu 6. þ. m., þar sem þjer skírid mjer frá ad þjer hafid hækkad aukaútsvar mitt um 10, kr. allt svo, uppi 40 kr., þá vil jeg hjer med leifa mjer ad skír[a] hinni hattv. niðurjöfnunarnefnd frá því ad jeg er yfir því mjög óánægð[u]r, ekki vegna þess ad jeg med öngu móti treysti mjer til ad borga svona mikid, heldur beinlínis vegna þess ad mjer finnst endilega mjer vera gjört rangt med þessari hækkun á móts vid adra skipstjóra hjer.

Til samanburdar vid mig vil jeg leifa mjer ad nefna til dæmis Sigurd skipstjóra Jónsson í Görðunum, sem borgar 40 kr. aukaútsvar, hann hefur ad minsta kosti haft á fimta hundrad kr. í laun fram yfir það sem jeg

Nº 4/1896. Nº 30/1896

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafdi í laun, ad eins yfir sídastl.
þilskipaútgjördartímann, auk þess sem hann
er stóreignamadur eins og allir vita og
búin ad stunda þessa atvinnu í ein 8 ár
og hefur alltaf haft meira vinnufólk
en jeg og ennfr. ekki svo lítinn land-
búnad hann er vitaskuld ekki ómaga
laus en jeg er þad heldur ekki.
Þá vil jeg leifa mjer taka til saman-
burdar Finn Finnsson skipstjóra hann
borgar líka 40 kr., hann hefur stunda
þessa atvinnu í mörg ár, og er alein-
hleypur madur, hann hefur haft í
kring um 400 kr. í laun fram yfir mig
ad eins sídastl. útgjördar tíma, (þad er
ekki nóg ad hafa nafnid ad vera skipstj.,
heldur verdur madur ad gæta ad því hvort
skipstj. er med 70 til 80 tonna skip og
þar af leidandi hefur yfir 20 menn
til ad fiska med, eda hann er med
20 til 30 tonna skip og þar af leidandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur ekki haft sjer til gagns nema
12 til 15 menn), auk þess hefur Finnur
fasta vinnu allan þann tíma sem hann
er ekki á sjónum, við segla-saum og
-saum fyrir gott kaup. Mínar eigur
eru lítils virði eins og eðlilegt er þar sem
jeg er nýbirjaður að stunda þessa atvinnu,
það sýndi sig líka fyrir 4 árum þar sem
jeg átti með öngu móti að komast inn
í bæinn fyrir fátæktarsakir.

Þegar nú hin hattv. nefnd skoðar
vel efnahag og atvinnu og aðrar ástæður
mínar í samanb. við þessa 2 menn og
marga fleiri skipotj. einhleypta, sem sum
ir borga 20 kr og sumir ekki nema 12 kr,
þá fæ jeg ómögulega skilið ~~að~~ í öðru en að
nefndinni hljóti að verða mjer samdóma í
því að þetta gjald (40kr.) sje of hátt á
mjer í samanburði við hina. Þessvegna
vil jeg leifa mjer að biðja hina hattv. nefnd
að taka aftur þess 10 kr. viðbót af mjer og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæta þeim heldur á hina sem efnaðri
eru og betri hafa atvinnuna hvorri lagan.

Að endingu vil jeg gefa nefndinni upplýsingar um það að foreldrar mínir eru bæði, heilsumnur vegna ómaga sem ellilegt er, enda er jeg viss um að einginn úr niðurjöfnunarnefndinni vildi taka þau árlangt meðlagslaust.

Jeg heiri ekki fleiri tala um ~~auka~~ aukautsvar mitt heldur en eru á sama máli að það hljóti nú að vera fjarska ósanngjarnt því áður hafi þeim víst það vera sannarlega fullhátt 30 kr.

Jeg treysti nefndinni til hins allra rjettasta í þessu efni, um leið og jeg bið hana að leysa mig við frekara umstang út af þessu, til bæarstjórnarinnar.

Virðingarfyllst

Reykjavík 7. jan. 1897

Þorsteinn Þorsteinsson

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorsteinn Þorsteinsson, skipstjóri,

Suðurgötu, Reykjavík.

Í Vfl. Rvíkur, 11. Jan. 1897.

⌊, hver sitt bréfið,

Við hina almennu niðurjöfnun aukaútsvara í haust lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á yður 30 kr., og á bræður yðar, stýrimann Halldór Kristinn Þorsteinsson 12 kr. Þið bræðurnir báðir rituðuð nefndinni 12. f. mán.⌊ og tjáðuð henni, að Halldór hefði verið vinnumaður yðar síðastliðið ár og væri það nú. Þá breytti nefndin niðurjöfnuninni, lækkaði Halldór við gjaldið (12 kr.), en lagði á yður viðbótargjald, 10 kr., þannig að þér alls skylduð greiða fyrir yfirstandandi ár sem aukaútsvar 40 kr. – Þetta var yður tilkynnt 6. þ. m., og nú hafið þér með bréfi 7. þ. m. kvartað yfir uppfærslu gjalds yðar, og beiðið það lækkað. Þetta bréf yðar var rætt á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar í dag, og úrskurðaði nefndin, að kæra yðar skyldi eigi tekast til greina. –

Þetta tilkynni ég yðar hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt geta þess, að nefndin ~~áleit~~ getur eigi álitið þetta gjald ósanngjarnt eða ójafnlegt eptir þörfum bæjarfjelagsins og högum yðar, þegar þess á eina hliðina er gætt, að aukaútsvarsbyrði bæjarins hefur aukist að mun síðan í fyrra, og ýmsir eðrir gjaldir⌊ fallið frá, án þess aðrir jafngildir hafi við bætst, en á hina hliðina að hagir yðar má teljast sjerlega blómlegir, þarsem þjer eruð húseigandi, voruð sjálfur í sumar skipstjóri með góðu kaupi, bróðir yðar Halldór stýrimaður, einnig með góðu kaupi, Kolbeinn bróðir yðar háseti á þilskipi og hafði góða atvinnu.T Þó að foreldrar yðar sjeu ~~hnignir~~ hnignir að aldri, hygg-ist nefndin eigi ... [illegible]

Lendur

T en báðir teljast þeir nú vinnumenn yðar..

Nr 4/1896. Nr 30/1897.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gagnsmann, og hún ætlar að neyði yðar gegn bæði húsmóður og vinnukonu störfum á heimilinu, án þess að þurfa verulegrar aðstoðar við. Nefndin getur því ekki komast við, að þjer hafið ómaga fram að færa[Γ], og hyggur, að gjald yðar sje ekki hærra tiltölulega, en menn spenna, sem þjer hafið nefnt í hann yðar til samanburðar. —

[Γ] þar sem þið allir bræðurnir eruð ógiptir og einhleypir,

Fellur niður. Vinnumaður.

Hafnað á Þorsteini Þorsteinssyni No. um 10 kr

Jeg undirskrifaður vil leifa mjer að skrifa nokkrar línur, út af því að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig kr. 12, tólf krónur í aukaútsvar til bæarins, sem jeg vil hjer með skorast undan að borga, vegna þess að eins og nefndin veit, er ekki siður hjer að leggja slíkt gjald á eignalausa vinnu-menn.

Með því að nefndin að öllum líkindum hefur skoðað mig sem lausamann hjer í bænum, þá vil jeg hjer með leifa mjer að tilkynna nefndinni, það sanna í þessu efni, jeg er alls ekki lausamaður, heldur þvert á móti, vinnumaður hjá Þorsteini bróður mínum, þannig að allt það kaup sem jeg innvinn gengur til hans, hvort sem það er afli úr sjó, eða önnur vinna á landi, enn þar á móti borgar hann mjer umsamið árskaup, þessu til sönnunar læt jeg hjer með fylgja vottorð frá honum.

No. 4/1896 - 10/12 96.

Reykjavík 9/12 - 96

Halldór Kr. Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra stýrimaður Halldór Kr. Þorsteinsson,
Rvík (Lindargötu).

Í skjr: Rv:, 6. Jan. 1897.

Þar eð þjer með brjefi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags: 9. f. m., hafið upplýst, að þjer hafið verið vinnumaður hjá bróður yðar, Þorsteini skipstjóra Þorsteinssyni, hefur niðurjöfnunarnefndin ákveðið, að því yður skuli fella niður útsvarsgjald það, 12 kr., sem nefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði; en að tiltölulegt viðbótargjald ~~niðurlagt~~ skuli lagt á bróður yðar Þorstein.—

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar.

Herra skipstjóri Þorsteinn Þorsteinsson,
Rvík (Lindargötu).

Í skjr: Rv:, 6. Jan., 1897.

Með því að bróðir yðar, stýrimaður Halldór Kr. Þorsteinsson hefur upplýst fyrir niðurjöfnunarnefndinni, að hann sje vinnumaður yðar yfirstandandi ár, þannig að þjer hafið allan arð af atvinnu hans, og þjer hafið staðfest þetta í brjefi til nefndarinnar, dags: 9. f. m., hefur nefndin ákveðið, að gjald það, sem hún lagði á Halldór í nóvembermán. síðastl., 12 kr. að upphæð, skuli niður falla, en að leggja skuli viðbótargjald á yður, að upphæð 10 kr., þannig að aukaútsvar yðar allt verður 40 kr. — Um leið og jeg tilkynni yður þetta, skal jeg jafnframt nefndarinnar skora á yður, að koma til nefndarinnar fyrir útsvarinu eigi síðar en á laugardag 9. þ. m., ef þjer skylduð vera óánægður með upphæð þess, eins og það nú er.—

№ 4/1896. — 10/12 96.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður votta hjer með að Halldór Kr. Þorsteinsson er vinnumaður hjá mjer fyrir umsamið árskaup

Í von um að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd ekki taki illa upp fyrir mjer, þá vil jeg leifa mjer að brýna fyrir henni að skoða vel efnahag og ástæður hjá mjer, í samanburði við aðra skipstjóra í bænum, áður en hún fyrir alvöru leggur 12 kr gjald á dreng fyrir innann tvítugt, sem hjá mjer er, - ofan á hið afarháa aukaútsvar mitt (30 kr.). Það er kunnugt að jeg hef hjá mjer foreldra mína bæði tölu vert lasburða sem eðlilegt er, og bæði á sjötugs aldri

Reykjavík 9/12 - 96

Þorsteinn Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

ad № 3/1896. - 10/12 96. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir upplýsingum ástæðum lækkað um 4 Kr. { Gjald — 12 kr.
do 1895 — 10 kr.

Eins og hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd er kunnugt, þá er jeg ekki vanur, að kæra eða kvarta undan aukaútsvari mínu, í þau 13 ár, sem jeg hef verið gjaldandi til bæjarins.
En nú neyðist jeg til að kæra aukaútsvar mitt, þar sem ástæður mínar eru miklu örðugri en þær hafa nokkurntíma áður verið.

Jeg leyfi mjer því, að taka til samanburðar 2 gjaldendur bæjarins: Jónas Jónasson í Steinsholti og Guðjón Björnsson í Móbergi. - Hinn fyr nefndi á að gjalda 12 kr, en hinn síðar nefndi 6 kr.
Hvor þessara manna, hafa að flestra áliti góðar ástæður, Jónas t.d. hefur engann ómaga framm að fæða, en Guðjón aðeins einn sjálfbjarga dreng.
Hinn fyrnefndi Jónas, á og töluverða eign; vandað hús og túnblett ekki alllítinn, þar að auki varð atvinna hans yfirstandandi ár, að mun arðsamari en mín, þar sem að allur minn afli yfir árið var 220 ® af saltfiski, og svo var sumarkaup mitt með rírasta móti ekki fullar 100 kr.

Jeg hef fyrir 4 ómögum að sjá 3. börnum, og 1. gamalmenni, ófæru til vinnu.

Þegar jeg kom úr kaupavinnu í sumar, vildi mjer til sá hnekkir, að jeg lá veikur í fullar 3 vikur, við það missti jeg af þeim tíma, sem helst var vinnu að fá, eptir að jeg kom heim.
Síðastliðinn vetur átti [illegible]

№ 5/1896. — 11/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að búa, og var hún að meira og minna leyti rúmföst í 12 vikur.

Ennfremur vil jeg tilkynna hinni heiðruðu nefnd, að skuldir mínar í peningum eru 600 kr, fyrir utan verzlunarskuldir, sem eru til sýnis við verzlun H. Th. A. Thomsens, ef að nefndin vill fá upplýsingar um þær.

Jeg vonast því fastlega, að hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd þóknist, að lækka aukaútsvar mitt, minstakosti að helmingi, vegna þeirrar ástæðu sem jeg þegar hef tekið framm, og mun samt ærið nóg fyrir mig að borga 6 kr til bæjarsjóðs, þegar gáð er að efnum og ástæðum.

Virðingarfyllst.

Hróðgeirsstöðum 10 desember 1896.

Guðmundur Guðmundsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðm. Guðmundsson á [illegible],
Reykjavík.

B.fgt. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Eptir að jeg hafði lagt auka-útsvars-kæru yðar, dags. 10. f. m., fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hún hafði athugað hana á fundi, hefur nefndin með tilliti til skýrslna þeirra, sem þjer hafið gefið henni og hún einnig annars hefur fengið, úrskurðað að lækka útsvar yðar um 4 Kr. (þ. e. úr 12 Kr. ofan í 8 Kr.).

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirmælum nefndarinnar, og því jafnframt, að henni hefur ekki þótt ástæða til að lækka gjöld á mönnum þeim, sem þjer hafið nefnt til samanburðar.

№ 5/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 4 kr. — gjöld — kr 28,00.—
1895 — 20,00.—

Jeg verð knúinn, að láta hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, vita að jeg er, mjög óánægður með aukaútsvar mitt í ár, og hefir á alls einum bónda verið hækkað jafnmikið, í bænum eða 10 kr. enn á mjer 8 kr.

Þegar jeg því ber mig saman við 2 gjaldendur bæjarins, nfl. Gísla Tómásson við verzlun kaupm G. Zoëga, og Sigurð bónda Sigurðsson í Bræðraborg, kemst jeg að þeirri niðurstöðu, að útsvar mitt er mikið til of hátt móti þeirra; Gísli hefir árlega fasta atvinnu við verzlanina með góðum launum; og að öðru leiti; mun hann vera skuldlaus maður, og að því jeg veit, hefir hann, mjög góðar ástæður.

Sigurður, í Bræðraborg, er vel efnaður maður, hann hefir árlega, mjög góða atvinnu við vegagjörð, er hann fær borgaða með peningum, fleiri hundrað krónur, hann hefir engann ómaga, og jeg veit hann á mikla peninga á vöxtum.

Ástæður mínar þaramóti, hafa þetta ár verið mjög erviðar; jeg átti 1 hlut, síðast liðna vetrarvertíð, og af honum fekk jeg 50 krónur [illegible]

Nr 6/1896.— 12/12 96.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

átti jeg eingan hlut af því: jeg og konan mínur
erum bædi heilsu tæp, og getum ekki unnið
stránga vinnu, bædi komin á sjötugs aldur

Kaupstaðar skuldir mínar, eru fleiri hundr
uð krónur, bædi við Thomsens, og Fischers Verzl
anir, og sömuleiðis hvíla um 2,000 krónur
veðskuld á þeirri litlu fasteign er jeg á. Í þau 10 ár
er jeg hefi verið hjer í bænum hefi jeg ekki
átt jafn erfitt, með lífsnauðsynjar mínar
og í ár, það segi jeg satt.

Jeg skal enn fremur geta þess, að jeg hefi
til þessa haldið gamalmennið Benidikt.
Vigfússon, hann er nú 73 ára, og er sveitlægur
hjer í bænum; hann er nú búinn að vera hjá
mjer, 6 ár, og hefi jeg fengið eitt, hundrað
krónur, hjá honum, eða sem hann átti þá
hann kom til mín, enn jeg hefi ekki viljað
segja hann til sveitar, enn þá. og er hann
mjög lið ljettur til vinnu sem að líkindum
ræður.

[illegible]

Af framan sögðu, krefst jeg að útsvar
mitt, verði lækkað, að minnsta kosti
um 8 krónur, og vona að hin háttvirta
niðurjöfnunarnefnd taki þessa kröfu mína
til greina; þá hún hefir athugað, hana
í samanburði við þá er jeg hefi borið
mig saman við.

Virðingarfyllst.

Bráðræði 12/12 – 1896.

Jón Magnússon

Til
Niðurjöfnunar nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jóni Magnússyni, bónda í Bráðræði. –

Í Bæjarst. Rvíkur. 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið aukaútsvars-
kæru yðar, dags. 12. f. m., lagði jeg hana fyrir
niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hefur
hún nú á fundi [illegible], að lækka
gjaldið um 4 kr. (þ. e. úr 28 kr. ofan
í 24 kr.), en á hinn bóginn hefur henni
eigi þótt ástæða til að lækka gjald í
mörgum þeim, sem þjer hafið nefnt
til samanburðar.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrir-
lagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að gjald
yðar var hækkað sökum þess, að aukaútsvars-
upphæðin bæjarins var töluvert hærri nú en
í fyrra, að auk þess höfðu 2 stærstu gjald-
endur bæjarins fallið ~~burtu~~ frá, án þess aðr-
ir viðlíka [illegible] hefðu bætzt við, og
að þessari gjaldaviðbót varð að jafna á
gjaldþegna þá, sem nú eru. Á hinn
bóginn vildi nefndin telja gamalmenni-
ð Benedikt Vigfússon fullkominn mót-
vinnung hjá yður. –

No 6/1896.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"vantandi ástæður." Gjöld nú — 16 kr
1845 12 kr.
svo til til grein.
skýrslan töpluga sjálf.

Reykjavík, 12. des. 1896.

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkurkaupstaðar!

Jeg finn mig knúðan til
þess, að láta í ljósi óánægju mína
viðvíkjandi útsvari því, er þjer
hafið lagt mjer á herðar nú til
næsta árs. — Við, sem erum bæði
á sextugs aldri, við tölu verðan heilsu-
brest, eigum fullt í fangi með
að ala önn fyrir heimili okkar. —
Eigi að síður ætla jeg ekki að bera
mig saman við aðra í þessu máli;
en jeg vil láta yður vita, að jeg skipti
mjer ekkert af annara kjörum
og hefi alls ekki um annað að
hugsa en mál[illegible] jeg [illegible]

№ 7/1896. — 14/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að gera yður það óútanlegt, að ef
þjer eigi hugsið betur um þetta og
dragið eigi af þeirri útsvari mína,
þá neyðið þjer mig til að segja mig
til sveitar. — Jeg vonast því til, að
þjer takið þessa yfirlýsingu mína
til greina, en samt sem áður ætla
jeg ekki að skorast undan að borga
þá upphæð, sem jeg áður hefi greitt.

Virðingarfyllst.
Þorsteinn Teitsson
Efri-Vegamótum.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorsteini Teitssyni á Efri-Vegamótum,
Reykjavík.

Bæjarf. Reykjav., 9. jan., 1897.

Útaf umkvörtunarskjali yðar, dags. 12. f. m., sem jeg hefi lagt fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, gefst yður hjermeð til vitundar, að nefndin hefur á fundi ákveðið, að synja kröfu yðar um lækkun útsvarsins og hefur úrskurðað að það skuli standa óbreytt, með því að hún álítur gjald þetta eigi of hátt eptir efnum yðar og öllum ástæðum og þegar tekið er tillit til þarfa bæjarfjelagsins, en því á hinn bóginn hafið þjer ekki í skjali yðar tilfært neitt atriði til upplýsingar um efnahag yðar og ástæður, annað en það, að „þið, sem bæði sjeuð á 60-aldri, og við talsverðan heilsubrest, eigið fullt í fangi með að ala önn fyrir heimili yðar“, en einmitt þessa skýrslu yðar hyggur nefndin eigi rjetta. –

No 7/1896. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 2 Kr. — Gjald nú — Kr 12,00
1895 — 8,00

Þegar jeg las niðurjöfnunarskrána sá jeg að aukaútsvar mitt hefur í þettað sinn verið hækkað um 4 kr nefl: í fyrra var það 8 kr nú er það 12 kr En þar jeg hef alla tíð verið heldur efnalítill þá hafa Efni mín ekki aukist þettað ár, og þar fyrir skil jeg ekki hvar af hækkunin er tilkomin. með því líka að margir hafa líkt útsvar og betri efni og sumir sem jeg álít að hafi lík efni og jeg eru hafa því ljettara útsvar. Jón Jónsson við Lindargötu (áður í Höll) hann er húseigandi og mikið Efnabetri en jeg því skoðað verði en á að gjalda 10 kr. Gísli Jónsson í Nýlendu hefur alla tíð verið álitin Efnamaður sem hann líka er á að gjalda 10 kr Sveinn Guðmundsson (Sveinsbæ) á að gjalda 12 kr sem hefur vinnumann sem er í vegavinnu á Sumrin og þar fyrir utan hefur sjálfur góða atvinnu, Torfi Þórðarson Hlíðarhúsum á að gjalda 12 kr og vita allir hvaða atvinnu hann hefur á sumrin. marga fleyri gjet jeg talið uppi til samanburðar sem jeg læt vera, En aðeins vona þar bæði jeg og kona min erum farin að lúast að útsvar mitt verði ekki hærra enn að undanförnu, nema

No 8/1896. — 12/12 kl. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer sje gjört vitanlegt að mjer beri að gjalda þettað útsvar með rjettu í samanburði við það sem jeg til greint hefi og aðra fleyri hvað efni og ástæður viðvíkur

Virðingarfyllst

Nýabæ við Klapparstíg 14 Desember 1896

Guðmundur Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykja

Herra Guðmundur Einarsson í Nýjabæ
við Klapparstíg.

Í bjstj. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

L. í forsæti

Eptir að jeg hefði meðtekið aukaútsvars-kæru yðar, dags. 14. f.m., lagði jeg hana fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hefir nefndin með tilliti til skýrslu yðar einungis á fundi sínum í gær ákveðið, að lækka útsvar yðar um 2 kr. (úr 12 kr. ofan í 10 kr.).

Jafnframt og jeg eptir fyrirmælum nefndarinnar tilkynni yður þetta, skal jeg geta þess, að nefndinni þótti eigi ástæða til að lækka gjald á mönnum þeim, sem þér vísið til samanburðar.

No 8/1896.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lakkad um 2 kr. — Útsvar 1895 — 4 kr
nú — 6 kr

Þegar jeg sá fátækra útsvar mitt á þeyrri niðurjöfnunarskrá sem nú liggur firir, þá gat jeg ekki sjéð að gætt hefði verið þess eftir líts eða jafnaðar sem við það verk þarf að vera. Öllum er það ljóst að þeyr sem hafa ætlað að stunda sjóróðra um bátum bæði vetur vor og sumar 1896 hafa flestir gjört það án árangurs og það á miðal var eg eyrn, Árið þar á undan fiskaði jeg nokkuð þó lítið væri, þett að er sá eyni atvinnu vegur sem eg nú helst get stundað og tilganeli er hálf sjötugur maður stór fatlaður, þá voru lagðar á mig 6 kr og sama er þó kringumstæður nar sjeu ólíkar. Jeg tala alls ekki um það að gjaldið sje of hátt þegar þarfirnar út heymta það en hitt er annað þegar maður ber sig saman við aðra án þess að finna samrými. Jeg skal til dæmis nefna Sig urð Þorkjells son á Bakka hann er

№ 9/18 96. — 15/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjört að svara 4 kr. Hann er maður ómaga
laus stundar gott handverk allann vet
urinn (ofnað) hefur góða vinnukonu
sem ásamt honum vinna bæði yfir sum
arið og hann þarf ekkert út að kaupa
af þjónustu eða öðrum heimilis verkum
sem kvenn manni heyrir til. Aftur á mó
ti verð jeg að borga þettað þarsem jeg held
enganna kvenn mann.
Ef niðurjöfnunar nefndinni mætti
þóknast að yfir viga þettað þá vona eg
að hún hljóti að komast að þeirri niður
stöðu að útsvar Sigurðar er of lett ef
mitt er sann gjarnt því kringumstæð
ur okkar eru ólíkar og treysti jeg því
að slíkt verði lagfært.
Bakka 11 Desber 1896
Jóhannes Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jóhannes Jónsson í Bakka,
Reykjavík.

Í Njn.-Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið aukaútsvars-kæru yðar, dags. 11. þ. m., lagði jeg hana fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hefur nefndin nú á fundi sínum með tilliti til ástæðna yðar í kærunni úrskurðað, að lækka aukaútsvar yðar um 2 kr. (þ. e. úr 6 kr. ofan í 4 kr.).

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar, og það jafnframt, að henni þótti eigi ástæða til að hækka gjald manna þeirra, sem þér nefnið til samanburðar í kæru yðar.—

No 9/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Ólafur Ófeigsson, Reykjavík.

Í Njfn: Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Með brjefi, dags. 14. f. mán., hafið þjer tilkynnt niðurjöfnunarnefnd-inni, að þjer sjeuð ekki heimilisfastur hjer í bænum, og að þjer dveljið hjer um stundarsakir, og segist þjer ætlast til þess, að útsvar yðar til sveitar, sem nefndin gjörði yð-ur í síðastliðnum nóvembermánuði, verði látið falla burt.

Út af þessu hefur nefndin, eptir að hún í heild sinni hefur íhugað mál-efnið á fundi, falið mjer að tilkynna yður í nafni sínu á þá leið, að hún gjöri enga breytingu á útsvarinu, með því að hún eptir atvinnu yðar og dvalar-stað síðan í sumar, er leið, verður að álíta yður heimilisfastan hjer í bænum, og með því að þjer sjálfur eigi hafið skýrt frá því í brjefi yðar, hvar þjer annars ættuð heimili. –

Ítrekað

No. 10/1896. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14 Dec. 1896.

Engar ástæður; telst ekki til greina. —

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðursetningarnefnd að jeg ekki er heimilisfastur hjer í Kaupstaðnum heldur dvel hjer um stundarsakir.

Þetta mun hinni heiðruðu nefnd ekki hafa verið kunnugt er hún lagði á mig útsvar heimast, og mælist jeg því til að útsvar mitt sje fellt burt.

Virðingarfyllst.

No 10/1896. — 14/12 96. —

Ólafur Ófeigsson

Til
Niðursetningarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Soffíu Jónsdóttur á Bakka,
Reykjavík.

G. N. J. W. Rvíkur. 9. Jan. 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið útsvars-kæru yðar, dags. 12. f. m., lagði jeg hana fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hefur hún eigi fundið ástæðu til að breyting verði gjörð á aukaútsvari yðar. Útsvarið er þetta ár hið sama og í fyrra, og nefndinni er ekki kunnugt um neina breyting á högum yðar, sem geti leitt til þess, að gjaldþol yðar hafi lækkað, og hún telur einnig, að ástæður þær, sem þjer tilfærið, geti ekki leitt til þess, eptir því sem hjer hefur að tala. Nefndin hefur ekki heldur í tilefni af kæru yðar fundið ástæðu til þess að hækka útsvar Jórunnar á Litla-Seli.

Hið framskrifaða hefur nefndin falið mjer að tilkynna yður. —

Nº 11/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stendur óbreytt. Goldið 1895 – 4,00
Nú 4,00

Þegar jeg fjekk að vita fátækraútsvar mitt, sem er 4 kr. fyrir komandi ár þá fannst mjer það ekki sem sanngjarnast þar sem jeg er kona á sextugsaldri, bað um lausakonu-leyfi þegar jeg fann mig ekki færa um að ganga í vist til þess að geta sem fyrst varist að þyggja af fátækrafje og þar á ofan heilsubiluð og hélt að geta farið í sveit á sumrum.

Þegar jeg ber útsvar mitt saman við annara t.d. Þórunnar á Litlaseli, sem er á líkum aldri og jeg en hefur hina beztu fyrirvinnu, er aflar vel vetur og sumar og er þess utan húsráðandi og hefur fullkomin rjettindi að nota hvern atvinnuveg í bænum, er hún vill og á að gjalda 4 kr.

No 11/1896. – 15/12 96. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og jeg, þá finnst mjer þetta ell-
ióþarfi. — Ef mitt útsvar er rjett
þá er hinnar of lágt og vona jeg að
niðurjöfnunarnefndin finni ástæðu að
laga þetta til greina

Bakka 12. desember 1896
Soffía Jónsdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Jóns Einarssonar frá Kleppi,
Reykjavík.

Úr Njfn. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að niðurjöfnunarnefndin hafði meðtekið bréf yðar, dags. 10. f. mán., þar er þjer óskið lækkunar á aukaútsvari því, sem nefndin hefur gjört yður fyrir yfirstandandi ár, hefur hún á fundi íhugað og rætt málaleitun yðar, og úrskurðað, að lækka útsvarið um 3 Kr. (þ. e. úr 15 Kr. ofan í 12 Kr.) sökum sjúkdóms yðar í haust og annara atvika.—

Þetta hefur nefndin falið mjer að tilkynna yður.—

No 12/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sakir veikinda lætt- að um 3 kr

1895 — Kr 12,00.
nú — 15,00.

Af því að mjer brást alveg síðastliðinn vetrarvertíð eins og öðrum, og vorvinna mín var mjög rýr, og sumarvinnan var rjett eins og hjá kaupafólki öðru, og ofaná þetta bættist, að jeg hefi nú legið rúmfastur í liðugar fimm vikur, og nær eg fæ heilsu til að geta unnið aptur, er alls ekki víst, þá finnst mjer það ekki rjettlátt af hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hafa hækkað aukaútsvar mitt.

Vil jeg því virðingarfyllst fara þess á leit við hina heiðruðu Bæjarstjórn Rvíkur að hún lækki útsvar mitt, eptir því sem henni finnst ástæða til, eptir ástæðum mínum. —

Rvík. 10/12 – 96.

Virðingarfyllst
Jón E[illegible]
frá Kleppi

No 12/1896. – 17/12 96. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stendur, engar upp-lýsingar til komnar.

Gjald nú — 12,00.
1895 — 12,00

Hjermeð leyfi jeg mjer að láta hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd vita, að jeg er mjög óánægður með það gjald, sem hún hefur lagt á mig nú nefnilega 12 krónur, þegar það er borið saman við sumra aðra. Jeg er eigna laus maður sem þarf að borga húsaleigu og hefi átt ungbarn og heilsulitla konu, enn til dæmis er Jónas Jónsson í Steinsholti velstandandi maður húseigandi, og barnlaus, og að allra dómi mjög velstandandi, og honum er látinn borga sama gjald og jeg. Guðmundur Þorkelsson í Pakkhúsinu er látinn borga 8 kr. sem er efna maður, hefur byggt sjer nýtt hús og hefur bara fyrir tveimur börnum að sjá öðru á 14. og hinu á 17. ári. Guðmundur bakari Guðmundsson frá Laugardælum er látinn borga 15 krónur, og það er maður, sem hefur 1000 kr. eptirlaun og hefur fáa ómaga enn á þar ámóti stór eignir; þetta verð jeg að benda nefndinni á til að sýna henni framá að hjer er mjög mikil ósamgirni sem hjer hefur átt sjer stað þegar útsvörunum hefur verið jafnað niður, sem máské kemur af ókunnugleika.

Verð jeg því að skora á hina heiðruðu nefnd að lækka gjald mitt úr 12 kr. niður í 8 krónur að minsta kosti; enn hækka gjald hinna, sem jeg hefi minnst á talsvert upp.

Reykjavík 17. Desemb. 1896.

Virðingarfyllst

No 13/1896. — 18/12 96. —

Erlendur Þorleifsson Rauðagerði

Til niðurjöfnunar-nefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Erlendar Þorleifssonar í Rauða-
gerði, Reykjavík.

Í N.J.N. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Bréf yðar, dags: 17. f. mán., þar er
því varið yfir auka-útsvari því, sem niður-
jöfnunarnefndin gjörði yður í síðastliðnum
nóvembermánuði; hefi jeg lagt fyrir nefnd-
ina, og hefur hún á fundi úrskurðað, að
kæra yðar verði ekki tekin til greina.
Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta fyrir
hönd nefndarinnar, skal jeg geta þess
að gjald yðar er nú hið sama, eins og
í fyrra, og að nefndin eigi álítur, að
þér hafið tilgreint þær ástæður, er
heimili að lækka gjaldið, sjerstaklega
þegar tekið er tillit til þess, að útsvars-
byrðin í ár er töluvert hærri en í
fyrra [því í bænum] að nokkrir mjög stórir gjald-
endur hafa horfið, er þá töluvert við,
sem nokkuð verulega kveður að.—
Ennfremur skal jeg geta þess, að
nefndin hefur ekki álitið vera ástæðu
til þess, að hækka gjald þeirra manna,
sem þér nefnið í kæru yðar, og um
Sigurð Guðmundsson frá Skugga-
dalum vill hún taka það fram, að
henni er ókunnugt um, að hann
sé stórgjaldandi [Lenda upplýsið þér nefndina ekkert um það,] en hitt er
henni kunnugt um, að hann, sem
er útsvarsgjaldandi, hefur nýlega
orðið að sleppa allgóðu embætti
og láta af búskap á allgóðri
jörð fyrir heilsubilun, þótt hann
sé enn á besta aldri. Hefur því
nefndinni þótt varhugavert að leggja
hátt gjald á hann.—

No 13/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stendur ígrytt. Gísli XIII – 25.10. 1895. 18.10.

Jeg hefi sjeð, að á aukaútsvars niðurjöfnunarskránni fyrir næsta ár er mjer gjört 25 króna aukaútsvar til bæjarsjóðs, eða 7 krónum hærra gjald en síðastliðið ár. Þessi gjaldhækkun finnst mjer, í því árferði sem verið hefir allt til þessa tíma fyrir þá, sem af sjávarafla eiga að lifa, allt of mikil, enda mun og niðurjöfnunarnefndin eigi hafa hækkað aukaútsvarið að líku skapi á neinum þeim gjaldanda, sem eingöngu hefir sjávarafla á opnu skipi sjer fyrir aðallífsatvinnuveg. Bæði jeg og Jón bróðir minn erum orðnir lúnir og heilsubilaðir menn, og því eigi færir til að vinna nema ljetta vinnu. – Afli sá sem við á þessu ári fengum á skip okkar varð alls ekki full 4 ~~skp~~ af verkuðum saltfiski, en þess er að gæta, að sá afli hafði drjúgum kostnað í för með sjer í miklum netum, sem sumpart töpuðust og sumpart urðu fyrir skemmdum svo ágóðinn að kostnaði frádregnum varð eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 14/1896. – 18/12 96.

mikill. Auk þess sem við bræður erum báðir heilsu-
litlir menn hefi jeg einnig 2 börn mín á ómaga-
aldri fram að færa. Steingrímur sonur minn,
sem er rúmlega tvítugur að aldri, er sá eini
á heimili mínu, sem er á þroskaskeiði og
sæmilega heilsuhraustur, og hann var á þil-
skipi á síðastliðnu vori og sumri, en þess er að
gæta að á síðastliðnum vetri og aptur í vetur
stundar hann nám á sjómannaskólanum,
svo að afli sá, er hann fjekk á þilskipinu eigi
gjörir betur en að hrökkva fyrir kostnaði þeim,
sem af þessu skólanámi hans leiðir. —

Af framangreindum ástæðum leyfi
jeg mjer að æskja þess og vona að hin hátt-
virta niðurjöfnunarnefnd álíti sanngjarnt að
færa þessa aukaútsvarsgjalds upphæð niður í
18 krónur eins og það var síðastliðið ár.

Sölvhól, 16. desember 1896

Virðingarfyllst

Steingrímur Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

Þrír drengir, stúlka og konan
vinna vel.

Of lítið gjört úr afla.
Eldarafli talsverður.
Steingrímsstaðir yfirhöfuð
góðar. —
Síðastl. 8 kr. á mann.
Steingrímur sonur hans
stýrimaður á þilskipinu.

Til

Herra Steingríms Jónssonar í Sölfhól,

Reykjavík.

Í BjR. Rvíkur, 9. Jan., 1896.

Eptir að jeg hafði meðtekið kæru yðar, dags: 16. f. mán., yfir útsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði, lagði jeg kæruna fyrir niðurjöfnunarnefndina til umsagnar og íhugunar, og hefur nefndin úrskurðað, að útsvar yðar skuli standa óbreytt.—

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta ~~í þetta~~ í umboði nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að nefndin byggir úrskurð sinn á því, að atvinnuvegir bæjarins eru að talsverðum mun betri í ár en í fyrra, að nefndin þessvegna varð að hækka á mörgum gjaldendum útsvör þeirra, og að hún áleit að þjer væruð einn meðal þeirra, sem ættuð að bera hærra gjald en í fyrra. Ómegð yðar se lítil, og þó að þið báðir sjeuð eigi heilsuhraustir menn, þá er öllum hjer kunnugt, og þá eigi síður nefndinni, hve mikli gagnsmenn ~~þjer~~ þið eruð. Steingrímur sonur yðar er stýrimaður á þilskipi og hefur ágæta atvinnu, og mundi eigi verða lagt minna á hann einan út af fyrir sig en 12–20 krónur. Nefndin álítur, að þjer hafið haft allgóðan afla í sumar, bæði ísu-afla og síldarafla, og þó að þjer kunnið að hafa lítið af fiski "í salti", þá er hitt eigi lítilsvirði fyrir búskap yðar, sem þjer í sumar hafið selt fyrir peninga bæjarbúum og kaupmönnum ~~jafnóðum~~ bæði af ísu og síld, jafnóðum og það aflaðist, en yðar-

No. 14/1896.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um. Nefndin getur eigi álitið annað
en að kirkjuskipunin gjöri sje mjög
góðum, og að gjald það, sem goldið
hefur verið greitt, sje eigi ósann-
gjarnt og sagan vegna of hátt. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] 12 kr. Nýr. gjöld 20,00.

Eftir að jeg hefi skoðað niðurjöfnunarskrá hjer í bæ fyrir næst komandi ár, og borið saman útsvar mitt við ýmsra annara gjaldenda, þá er það álit mitt, að útsvar mitt sje of of hátt í samanburði við þá. Óska jeg því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki eftirfylgjandi athugasemdir til greina

Gunnar sonur minn sókti um bæjarleifi fyrir mig, og gerði það fyr en mig varði taldi hann því fram eigur minar eftir imindun; hann var ekki því fullkunnugur. Jeg átti í vor 150 fjár 3 kýr og 9 hross. Jeg hef í heimili 7 mann, við hjónin uppgefin og atvinnulaus. jeg nú sjötugur hun nokkuð yngri. dóttir okkar 14 ár, og sonar sonur okkar munaðarlausan næst báðum 6 ára (4 ómagar). svo hef jeg 3 börn okkar sem kallast verkfær, 2 pilta og 1 stúlka. Jeg geld kirkju kaup og

№ 15/1896. — 19/12 96

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í húsaleigu á jeg að borga nú 100 kr.
Auðvitað varð nefndin að liggja á því sem
henni var tilkint, um eigur mínar; en þegar
jeg ber mig saman við t. d. verslunar-
menn handiðnamenn, og jafnvel stóreigna-
menn sem eru húseignamenn og hafa
stöðuga atvinnu, og enda daglaunamenn
sem eiga hús, þá furðar mig ei að sið-
á því, að jeg skal eiga að borga líkt
útsvar og þeir. jeg skal svo nefna ein-
ungis fáa af mörgum ~~og~~ sem jeg gæti
nefnt, svo sem: Matthías Matthíasson
í Holti, sem er sagður eignamaður í betra
lagi og hefur góða atvinnu. söðlasmiður
Gísli Tómasson, hefur góða atvinnu og er
húseigandi og sagður ríkur. þeir hafa hvor
rúmar 20 kr (jeg 20) Gunnar snikkari
ríkur húseigeigandi, og hefur stöðuga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnu. Þá skal jeg nefna Sigurð
Þórðarson í Steinhúsunum. Hann er betur
á sig kominn hvað fólkshald og atvinnu
snertir og á hús. Hann hefur jafnt út
svar og jeg, 20 kr; en jeg er viss um, að
eigur mínar meir en hrökkva skamt á
móti hanns. Hefði jeg selt hús mitt
við uppboð í vor meðan það hafa selst
á svo sem 2000 kr, og það er alt og sumt,
og sjá allir að það gildir ekki mikið á móti
húsi hvað þá meira. Loks skal jeg
nefna Guðm. lækni Guðmundsson, með 15
kr. útsvar. jeg tel hann stóreignamann,
hann
og fær góð eftirlaun sem kunnugt er
Jeg skal svo geta þess, að ~~þeg~~ jeg hef frá
satt, að þegar hann bjó á Laugardalnum
hafi hann haft
meir en tvöfalt útsvar á við mig í og mun
þó hafa verið líkt um sveitarþyngsli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem við vorum: Hann hefur af sjálfsráðum breitt högum sínum til betra.
En hvernig hafa ~~afsög~~ efni, og ástæður mínar breist svo, að mjer geti borið að borga 1/4 meira útsvar en hann, þar jeg er sem mera ~~saga~~. Komin í hendurnar fyrir illa meðferð af landsdrottnum mínum, og að mínu áliti fyrir ranga dóma?
!! Virðingarfillst

Reykjavík 17 dec. 1896

Ó. Þórðarson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Ólafur Þórðarson
(úr Rangárvallasýslu, frá Sumarliðabæ)
Reykjavík.—

Á Bæjarst. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið útsvars-
kæru yðar, dags: 17. f. mán., lagði
jeg hana fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykja-
víkur til íhugunar og umsagnar, og
hefur nefndin úrskurðað, að útsvar það
til bæjarsjóðs, sem yður var gjört í
síðastliðnum nóvembermánuði, skuli
standa óbreytt.—

Um leið og jeg tilkynni yður þetta
í umboði nefndarinnar, skal jeg geta
þess, að þar sem þjer látið í ljósi, að
eigur (yðar) hafi verið taldar of hátt fram, er
þjer sóttuð um og fenguð bæjarleyfi síðast-
liðið ár, þá verðið þjer sjálfsagt að bera
afleiðingarnar af því, að þjer hafið
með röngum framburði aflað yður
þess-leyfis, og getið eigi búist við öðru
en að nefndin byggi á framtali eigna
yðar, eins og það þá var gjört, því að
síðan geta þær eigi hafa gengið til
þurðar að neinum verulegum mun.—
Þjer segið sjálfur, að eigur yðar mundu þá
hafa alls á [illegible] sem 2000 kr., og verður
nefndin að byggja á því, að þetta sje hið
lægsta mat á eignum yðar, og er það al-
gildur eignastofn, þegar þess er gætt,
að þetta muni ~~mest~~ mest hafa verið í
gangandi peningi, sem er hin arð-
samasta eign. Þjer segist hafa 7 manns
í heimili; þar af eru 3 á besta vinnu-
aldri, og eykur það að mun gjald-
þol yðar, 2 börn, annað komið til
vinnuþroska og hitt komið af hönd-
unum, og [illegible] hinni, sem aðeins

No 15/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eruð hniginn að aldri, en þó ekki um ómaga. Eptir þessu getum vjer ekki álitið gjöld yðar 20 kr. of hátt, og oss getur ekki vel skilizt það, er þjer segið, að þjer sjeuð "komnir í hundana fyrir ranga dóma". Lýsing yðar sjálfs á högum yðar er ekki sönnun fyrir því. — Nefndin hefur eigi heldur fundið ástæðu til að lækka gjöld á mönnum þeim, sem þjer hafið tekið til samanburðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sektkað um 7 pr. Aukaútsvar 1896 - 3,00.
1897 - 4,00

Eptir að jeg í 7 ár hafði verið í vist vinnukona hjer í Reykjavík, fjekk jeg á síðastliðnu vori lausamennskuleyfi til þess á þann hátt að reyna að vinna fyrir mjer og barni, sem jeg á; og sem nú er á 3. ári, því vinnukonukaup mitt hrökk eigi fyrir meðlagi barnsins, og aðrar eignir átti jeg engar til að geta annazt framfærslu þess. — Í sumar er leið fjekk jeg aukaútsvarsseðil upp á 3 krónur fyrir þetta yfirstandandi hálfa ár, sem jeg nú í haust hefi greitt í bæjarsjóð.

Nú hefi jeg orðið þess áskynja að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hafi ákveðið að jeg skuli greiða 4 krónur næstkomandi ár í aukaútsvar til bæjarsjóðs. En af því að jeg er efnalaus og hefi ofannefnt barn mitt fram að færa, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún góðsamlegast færi þessa aukaútsvarsupphæð

No 16/196. — 19/12 96. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mína fyrir næstkomandi ár úr 4 krónum niður í 2 krónur, því hærri upphæð er jeg, satt að segja, vegna efnaskorts og kringumstæða eigi fær um að borga.

Tóftum í Reykjavík, 18. desbr. 1896.

Virðingarfyllst:

Steinunn Jónasdóttir.

[illegible] skrifað: Gísladóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Steinunnar Jónasdóttur, lausakonu
á Tóttum í Reykjavík.

Í Bm. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að hafa meðtekið brjef yðar,
dags. 18. f. m., yfir aukaútsvari
því til bæjarsjóðs, sem lagt var á
yður í síðastliðnum nóvembermán-
uði, lagði jeg hana fyrir niðurjöfn-
unarnefnd Reykjavíkur, og hefur
hún rætt og íhugað kæruna á fundi;
og úrskurðað, að lækka gjald yð-
ar um 2 kr. (úr 4 kr. ofan í
2 kr.) með tilliti til skýrslu þeirrar,
sem þjer gefið um efnahag yðar.
Þetta hefur nefndin falið mjer
að tilkynna yður. —

No 16/1896. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 5,00. } Gjald 1895 – 20,00
nú – 30,00

Reykjavík 20. desbr. 1896.

Sökum þess að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að hækka á mjer sveitarútsvari næstkomandi ár án þess að mínu áliti að hafa þar ~~[illegible]~~ nokkra ástæðu til, þar sem jeg alls önga fasta forþjenustu hef eða hefi haft, en aðeins daglaunamaður sem oft er atvinnulaus og get jeg með sanni sagt að vinnu inntekt mín yfir árið nær ekki 500 kr. að jafnaði en hvað eignum mínum viðvíkur þá hef jeg í ár orðið fyrir peninga útlátum í skatinum fyrir að taka inn peninga þar sem jeg varð að gefa eftir landskuld og lambgjöf í ofanálag leigulið minum útaf áðurgreindum ástæðum vonast jeg til, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd breiti útsvars upphæð minni þannig að mjer verði ekki gjört að gjalda hærri upphæð en jeg áður hafði goldið nefnl. 20 kr., því jeg hygg að þessi hækkun stafi af ókunnugleik á efnahag og ástæðum

No 17/1896. – 21/12 96. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mínum, gagnvart öðrum, og vil jeg hjer til nefna aðeins einn, nefnil. Árna Vegfræðing og Zakaríasson sem hefur fasta forþjenustu nær [illegible] árið í kring, en er þó ekki gjört að gjalda nema 20 krónur til Sveitar.

virðingarfyllst.
Davíð Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Davíð Jóhannesson, Stöðlakoti, Reykjavík.

Í bgjn. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Lá fundi

Eptir að hafa meðtekið brjef yðar, dags. 20. f. m., þar er þjer kærið yfir auka-útsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur ákvað yður í síðastliðnum nóvembermánuði, lagði jeg kæru yðar fyrir nefndina, og hefur hún með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer gefið í kærunni, ákveðið að lækka auka-útsvarið um 5 Kr. (þ. e. úr 30 Kr. ofan í 25 Kr.).

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

№ 17/1896. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15 Kr. viðbót úrskurðuð.

Reykjavík
8. jan. 1897.

Með brjefi dagsettu 6. þ. mán. hafið þjer, háttvirti herra! sem formaður niðurjöfnunarnefndar þessa bæjar, mælzt til þess, að jeg upplýsti tjeða nefnd um tekjur mínar, framfærslubyrði og sjerlegar skuldagreiðslur og gjöld á liðnu ári og væntanlega á nýbyrjuðu ári. Samkvæmt þessum tilmælum yðar ljet jeg hjermeð nefndinni í tje hinar umbeðnu upplýsingar:

1° Atvinnutekjur mínar (eptirlaun og lífeyrir) voru á liðnu ári og verða eins á nýbyrjuðu ári samtals: kr. 1495,00.

2° Tekjur af fasteignum mínum (1/6 hluta Viðeyjar og húseigninni nr. 7 í Bankastræti) samtals — 500,00

3° Tekjur af bókaforlagi (4. útg. sálmabókarinnar) á liðnu ári – og væntanlega á nýbyrjuðu ári eins – samtals — 154,00.

Samtals Kr. 2149,00

4° Sjerlegar skuldagreiðslur og gjöld (: vextir af veðskuldinni er hvíla á fasteignum mínum) voru á liðnu ári – og verða eins á yfirstandandi ári samtals kr. 450,00

5° Framfærslubyrði mín á umliðnu ári, sem helzt óbreytt á þessu ári, er ein dóttir fullorðin og ein vinnukona.

Virðingarfyllst
Þórhildur Tómasdóttir

Til
formanns niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

Nr. 18/1896. – 8/1 1897.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú

Þórhildur Tómasdóttir,

Reykjavík.

Í Nj.n. Rvíkur, 11. Jan., 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef yðar, dags. 9. þ.m., innihaldandi upplýsingar um atvinnu- og eignartekjur yðar m.m., sem jeg hafði leyft mjer að biðja um í brjefi 6. þ.m., í tilefni af umkvörtun frá nokkrum gjaldþegnum hjer í bæ, - lagði jeg það fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar í dag, og úrskurðaði hún þá með tilliti til kringumstæðanna, sem hún hefur meðtekið, og skýrslu yðar um tekjur yðar og efnahag, að færa samt upp aukaútsvar yðar fyrir yfirstandandi ár um 15 kr., þannig að það verði <u>50 kr.</u>, í staðinn fyrir 35 kr., sem jafnað var á yður í nóvembermánuði í haust.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háttvirta frú, eptir fyrirlagi nefndarinnar.—

№ 18/1896.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkadur um 5 kr. Var 1895 – 60.–
ad skrifa nú – 75.–

Frú Þórhildi.

Til
Nidurjöfnunarnefndarinnar í
Reykjavík 21 desbr 1896.

Af nidurjöfnunarskrá þeirri sem legid hefur að undanförnu á bæarþingstofunni til sýnis fyrir bæarbúa hef jeg ordid þess áskynja, ad mjer er gjört ad greida næsta ár í útsvar til kaupstadarins eptir efnum og ástædum 75 kr eda 15 kr meira en á yfirstandandi ári. Af því mjer virdist gjald þad sem þannig er lagt á mig of hátt bædi í sjálfu sjer og í samanburdi vid ýmsa adra gjaldendur sem eru í líkri stödu og jeg, verd jeg ad álíta

No 18/1896. – 21/12 96. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hinni háttvirtu nefnd sje ekki
fullkunnugt um hagi mína og
skal jeg því skýra frá þeim nefndinni
til leiðbeiningar.

Sem embættismans ekkja hef jeg
í eptirlaun — — kr 634,00
og í lífeyri — — 946 kr 1580

Tekjur mínar af eign eru: Afgjald
af parti úr eyu á Breiðafyrði
30 ℔ af dún kr 240,00
Afgjald af jörð í Borgarfyrði 70,00
Samtals 1890,00
þaraðauki á jeg hús í Reykjavík, sem
jeg engar tekjur hef af þar sem jeg ekki
legi neitt af því út. Jeg skal geta þess,
að jeg heilsu minnar vegna verð að
halda stúlku, sem eingöngu þjónar mjer
og að jeg styrki árlega student við
háskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og áður er sagt verð jeg aðalíta
að 75 kr gjald sje afhátt eftir efnahag
mínum eins og hann nú var rakin,
en sjerílagi er það afhátt í samanburði
við gjald það, sem jafnað er á ýmsa aðra
gjaldendur og skal jeg láta mjer nægja
að nefna þessa: 1 Ekkjufrú Carolína
Jónassen hefur í eftirlaun og lífeyrí
1950 kr.; hún á hús og tún sem gefur
af sjer rúmt kýrfóður og hefur engan
fyrir að sjá og engan sjerstakan kostnað.
Á hana eru lagðar 70 kr. 2. Ekkjufrú
Sigþrúður hefur í eftirlaun og lífeyrí
1885 kr., og viðskipti á félagsbúi hennar
og mans hennar sáluga munu hafa
komið í hennar hluta fullar 15000 kr
Öll hennar börn eru uppkomin og
sjálfstæð á hana er lagt 70 kr 3 Ekkju-
frú Þórhildur Tómasdóttir hefur í
eftirlaun og lífeyrí 1495 kr hún á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

part í Videy sem hún fer árlega í eptir-
gjald af 200 kr; en um adra jardeign
hennar sem þó mun nokkur vera
er mjer ókunnugt. Þaraðauki á hún
stórt hús sem hún leigir út að miklu
leyti; loks á hún forlagsrjettinn að barna-
lærdómsbók mans síns sem mun vera
mjög arðsöm eign. Öll hennar börn
eru líka uppkomin og sjálfstæð. Á
hana eru aðeins lagðar 36 kr, eða
meira en helmíngi minna en mig.
Samkvæmt framanlögðu leyfi jeg
mjer að fara þess á leit að bæargjald
mitt verði lækkað að mun, og rjettur
jöfnuður gjörður á því við bæargjald
þeirra gjaldenda sem jég hef nefnt.

Virðíngarfyllst

Ástríður Melsted.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekkjufrú Ástríður Melsted,
Reykjavík.

Niðurj: Rvíkur, 6. Jan., 1896.

Conceptum

Með bréfi, dags. 21. f. mán., hafið þér kært yfir aukaútsvari yðar, 75 kr., sem niðurjöfnunarnefndin ákvað yður í síðastliðnum nóvbr., krafist að það verði lækkað að mun, og að jafnframt ~~verði lækkað~~ bent á að yður beri tiltölulega allt of hátt gjald í samanburði við 3 tilgreindar embættismanna ekkjur hjer í bænum. Nefndin hefur tekið brjef yðar til ítarlegrar yfirvegunar, og fallið eigi á ástæður, að lækka yður frá því, að hún að vísu getur eigi álitið að gjaldið sje of hátt, þegar tillit er tekið til tekna yðar, sem þjer sjálf teljið 1890 kr. án þess ~~þó~~ að ~~þjer~~ þar sje meðtalinn nokkur arður af húseignum yðar í Reykjavík, og en að nefndarmenn álíti er ekki rjett að sleppa honum, og þegar tillit er tekið til ástands bæjarfjelagsins efnahagsins og til gjalda þeirra sem bæjarbúar yfirleitt verða að bera. Árstekjur yðar telur nefndin að sjeu að minnsta kosti 2000 kr., þó að að eins sje talinn lítill arður af húsi því, sem þjer eigið og búið sjálf í og þar sem ~~[illegible]~~ ein fjölskylda önnur hefur íbúð og þar sem bæjargjaldkera-skrifstofan nú er. Á þessum tekjum, sem að sumu leyti eru eignartekjur, eiga 2 manneskjur að framfærast, og þó að þjer „styrkið“ stúdent í Kaupmannahöfn (– þjer getið ekki um hve mikið*) árlega –), munu þeir húsráðendur og familiufeður vera mjög fáir í Reykjavík, sem hafi jafnmikið fyrir sig og sína að leggja, einn- og þjer. Nefndin byggir því á rökum og vera gjald yðar <u>ekki</u> of hátt, en með því að hún telur tekjur yðar of hátt í [illegible] [illegible], sem [illegible] í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höndum og sem nefndin þá misskildi; hefur hún nú komist að þeirri niðurstöðu að lækka gjald yðar <u>í þetta sinn</u> um 5 Kr., það er að segja úr 75 Kr. ofan í ~~niður~~ í 70 Kr.

Eg skal geta þess; að nefndin fann eigi ástæðu til í tilefni af kæru yðar að lækka útsvar Frú Caroline Jónassen, sem nú hefur orðið að sigla til útlanda til að leita sér lækninga, eigi Frú Sigríðar Friðriksdóttur, sem vitanlega hefur eins lágt [illegible] og hefur enn meiri framfærslubyrði en þér, og nú í haust gifti dóttur sína og lagði hana að heiman, en að því er snertir útsvar Frú Þórhildar Tómasdóttur, þá hefur nefndin tekið til yfirvegunar að lækka það, en er ~~eigi~~ eigi enn búin að fá nauðsynlegar skýrslur í því efni.

Ekkjufrú Þórhildur Tómasdóttir, Rvík.

Í NjN Rvíkur, 6. Jan., 1897.

Með því að nokkrir gjaldþegnar bæjarins hafa í kærum sínum yfir aukaútsvörum þeirra tekið það fram og kvartað yfir því, að aukaútsvar yðar, sem nefndin ákvað í síðastliðnum nóvembermánuði; væri of lágt, en það er 35 Kr., leyfi jeg mér í umboði nefndarinnar að fara þess á leit, að þér, helzt frá, viljið gefa oss þessar upplýsingar:

1. Hve miklar atvinnutekjur (eptirlaun &c) yðar hafa verið 1896, og hve miklar þær væntanlega verða 1897
2. Hve miklar eignartekjur yðar hafa verið 1896, og hve miklar þær <u>væntanlega</u> verða 1897.
3. Hvort þér hafið aðrar tekjur (t. d. af bókaforlagi o. s. frv.), og þá hve miklar þær eru.
4. Hve mikil framfærslubyrði hvíli á yður, og hvað miklar skuldir skuldarvöxtum og gjöld. –

Svar upp á bréf þetta óskum vér vinsamlega að fá eigi síðar en á laugardag (9. þ. m.), ef unnt er. –

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stendur. 1896—12,20.

Það er mjer gjört aukaútsvar 28 júlí næstl. kr. 8, og nú 24 des. ber í sama skini kr. 12, samtals kr. 20. Þetta gjald er langt frá vegi, að það sje sniðið eptir „Efnum og ástæðum." Og er það verkunnarmál þar sem nefndin hefur ekki leitað sjer upplýsingar um hagi mína. Jeg skal því leyfa mjer allraundirgefnast, að færa ástæður fyrir því að aukaútsvar mitt er mjer ofvaxin byrði:

1, að jeg er maður farinn að fella af til vinnu, sem hef 63½ ár á baki;

2, að jeg lagði eigindóm minn næstum í vor í bæina og bæinn, sem hefur mjer enn unngvann arð borið, Þó jeg í vor keypti útsæði í garðana sem voru í fyllztu órækt, borgaða því lýkið meira en [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 20/1896 - 23/12 96

jeg hafði aungvann til að heyrða þá
af því að jeg varð að fara eftir
uppá Kjalarnes og vera þar til
1 Októb.
3, að jeg hafði aungva arðberandi
atvinnu í Sumar, þar sem jeg var
að rífa hús í Skrauthólum og
flitja og byggja á ~~annan~~ Brúm de yfir
fáeinar skepnur, varð svo að selja
2 Hross mjer fyrir „daglegt brauð,"
en fremur kaupa þar rýrar st-
bur er ylla nýtt hust.
4 að flitja farangur minn hingað
kostaði mig Kr. 25, og þegar hjer
var komið, varði jeg Kr 50 til að laga
híbýli mitt, sem þó eru alla staði
ófullkomið ef lífvænlegt vera skyldi,
og veldur því efnaskortur, því
eldiviður og matbjörg, hlaut að
ganga fyrir.

5. Vanhöld á skepnunum, 8 kindur
hef jeg misst sem sé 4 Ær, að tyllin-
dum farið í Sjóinn og 4. 1 ót. úr
pest".
Þetta sýnir að allt hefur verið
mjer til útgjalda, en enginn
aur til inntekta, mjer virðist
því næsta nóg útsvar á mjer Kr 8
í samanburði við nógu marga
sem á Skránni standa, en svo
jeg nefni einn n. C. Benidikt
Sótara, að hann mundi betur geta
risið undir sínu útsvari þó frekara
væri, en jeg undir 1/3 af mínu.
„Eingin leggur þúngstu klyfjar
á hinn veykasta eyk"
Virðingarfyllst.
Holtastöðum 23 desber. 1896.

E. Magnusson

Til
Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkurbæar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Einar Magnússon, á Holtastöðum,
Reykjavík.

Í NjN. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Bréf yðar til niðurjöfnunar-
nefndarinnar, dags. 23. desbr.
f. á., þar er þér kvartið yfir auka-
útsvari því fyrir yfirstandandi ár,
sem nefndin gjörði yður í síðast-
liðnum nóvembermánuði; hefi
ég lagt fyrir nefndina á fundi henn-
ar, og hefur hún, eftir að hafa
athugað kæruna og rætt hana,
kveðið upp þann úrskurð, að
breyting verði eigi gjörð á auka-
útsvari yðar.—

Jafnframt og ég eftir fyrirlagi nefnd-
arinnar tilkynni yður þenna úrskurð,
skal ég taka það fram, að kæra yðar
virðist vera sprottin af misskiln-
ingi: þér teljið, að yður sé gjört
"20 kr. auka-útsvar" fyrir eitt og
sama ár, en þetta er eigi rétt. Í
sumar er leið var yður gjört 8 kr. út-
svar fyrir tímabilið frá 6. júní til
31. desbr. 1896; og hafið þér ekki
kært yfir þessu gjaldi; nú í nóvem-
bermánuði var yður gjört gjald
12 kr. (en eigi 20 kr.) fyrir
árið 1897 (frá 1. jan. til 31.
desbr.), og er þetta gjald tiltölu-
lega minna, en hið fyrra gjaldið,
sem þér hafið ekki kært yfir.
Ég [illegible] að gjalda

Nr. 20/1896.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alls 20 kr. gjald fyrir rúmlega
hálft annað ár, og þótti nefndinni
það vera of hátt eptir því sem þjer
hafið upp lýst um efni yðar og
ástæður. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um Kr 5,00. nú gjald — 30,00.
1895 — 30,00

Reykjavík 15 desbr 1896.

Eptir að hafa sjeð á skrá þeirri yfir niðurjöfnuð útsvör eptir efnum og ástæðum fyrir komandi ár, sem liggur til sýnis á bæjarþingstofunni, að á mig hefur verið lagt 30 kr eins og yfirstandandi ár, vil jeg leyfa mjer að senda hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd nokkrar upplýsingar um efnahag minn og þar með láta þá skoðun mína í ljósi, að gjald þetta sje ofhátt samanborið við þá gjaldendur sem líkt útsvar hafa en hafa að mun meira úr að spila.—

Eptirlaun mín sem prestsekkju eiga að vera — Kr 125,00 á ári aðeins 35 kr hækkaðar fyrir tvö síðastliðin fardagaár.

Þá koma tekjur mínar af 4 jörðum sem gefa af sjer í landskuld og leigur nema 500 kr á ári

Þar við er athugandi, að þar eð jarðir þessar liggja undir meiri og minni skemmdum af landbroti og skriðuföllum, hefi jeg árlega orðið að gefa leiguliðum mínum eptir nokkuð af eptirgjaldinu og skerðir það ekki svo lítið tekjugrein þessa

Enn fremur á jeg um 6000 kr í landsbankanum og 2000 kr í húsi hjer í bænum, en svo hvílir á mjer 3200 kr peningaskuld er jeg verð að greiða vexti af og afborgun 400 kr á ári þó 500 kr næsta ár.—

Af þessu hjer sagða fylgir þá, að það er á engann hátt mögulegt fyrir mig að láta mjer endast áðurnefndar tekjur til að lifa af um árið auk skatta þeirra og skyldna er mjer er

Nº 21/1896. — 23/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjört að greiða og verð því að skerða höfuðstól-
inn árlega.

Jeg vil benda á, til samanburðar, frú Ragnheiði Thorarensen, sem hefur miklu hærri eptirlaun en jeg, og á vissulega jafnmiklar eða meiri eignir, sömuleiðis frú Kristínu Skúladóttur sem nýtur eptirlauna og lífeyris sem lektorsekkja og er þess utan prívat rík sem ein af erfingjunum biskups Pjeturs Pjeturssonar, og að loknum vil jeg benda á að fátækra-ekkja, frú Þórhildur Tómasdóttir á að einu að greiða 5 kr hærra útsvar næsta ár en jeg og hefur hún þó nær 1500 kr eptirlaun og lífeyri, þess utan á hún stórt hús sem hún leigir út fyrir minnst 400 kr og af eigu sinni í Viðeyjunni fær hún 200 kr eptirgjald árlega.

Eptir að hafa fengið framanskráðar upplýsingar, vona jeg að niðurjöfnunarnefndin finni, að hjer er lítið samræmi á útsvari mínu og þeirra er jeg hefi tilfært hjer að framan, sjerstaklega þeirrar síðast töldu, og byggi jeg við að nefndin lækki útsvar mitt hlutfallslega eptir framangreindum ástæðum. —

Virðingarfyllst

Steinunn Thorarensen

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekkjufrú Steinunn Thorarensen,
Reykjavík.

Í Nj.N. Reykv., 9. Jan., 1897.

Eptir að hafa meðtekið aukaútsvars-kæru yðar, dags. 15. f. mán., og lagt hana fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur til athugunar og umsagnar, hefur nefndin, með tilliti til ástæðna yðar í kærunni, á fundi ákveðið að lækka aukaútsvar yðar fyrir yfirstandandi ár um 5 Kr. (þ. e. úr 30 Kr. ofan í 25 Kr.).

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, heiðraða Frú, eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, skal jeg geta þess, að nefndin hefur tekið til yfirvegunar að lækka aukaútsvar frú Þórhildar Tómasdóttur, en ekki fundið ástæðu til að lækka útsvar hinna annara gjaldþegna, sem þjer nefnið í kærunni. —

Nº 21/1896.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki liðlegt

1896 – Kr 14,00.
(í summa 8 kr)

Í tilefni af því, að mjer undirrituðum finnst helst til hátt aukaútsvar það, er hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast að byggja á mig, fyrir árið 1897, samanborið við tekjur þær sem sú atvinna veitir mjer er jeg ~~stunda~~ hjer, þá leyfi jeg mjer virðingarfyllst að láta hjeðri nefnd, megna óánægju mína í ljósi útaf þessu gjaldi, er mjer finnst vera altof hátt, sem sje Kr. 14,00.—

Því miður er jeg hjer svo ókunnur um tekjur annara lausa manna, að jeg get ekki borið þá saman við mig, en verð að láta mjer nægja, að geta þess, að sú atvinna sem jeg stunda, er fiskiveiðar á opnum bátum og svo landvinna sem er nú harla lítil hjer og hafa tekjur mínar fyrir þetta ár, verið [illegible] Kr. 180 brutto, og getur hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd á því sjeð, að

No 22/1896. – 23/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afganginum verdur svo lítill, eptir að dvalið hjer sem ámagi allann veturinn fram að vertíð. —

Jeg leifi mjer útaf ofangreindu að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að athuga, hvort ekki muni helldur mikið, ankaútsvar mitt, í samanburði við tekjur þær, er jeg hefi af atvinnu þeirri, er jeg stunda.

Með fullu trausti til nefndarinnar

Reykjavík 23. des 1896

Virðingarfyllst

Narfi Þorsteinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Narfa Þorsteinssyni, í Reykjavík.

Í Njfn. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Eptir að hafa meðtekið kæru Yðar, dags. 23. f. m., yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagði á Yður í síðastliðnum nóvembermánuði; hefur nefndin íhugað og rætt kæruna á fundi, og síðan úrskurðað, að eigi sje ástæða til að lækka útsvar Yðar.

Um leið og jeg tilkynni Yður þennan úrskurð nefndarinnar eptir fyrirlagi hennar, skal jeg geta þess, að nefndin hefði það fyrir augum, að þjer voruð ómagalaus lausamaður, velvinnandi og á bezta aldri, og getur eigi samrýmst við það, að þjer þurfið að "dvelja hjá einum ómaga allan veturinn fram að vertíð", eins og þjer komist að orði. Svo er nefndinni eigi annað kunnugt, en að þjer sjeuð skuldlaus.—

No. 22/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann til greinis ~~tegin~~ verði tekin seinna.

1896 – 40,00
1895 – 35,00

B. m. Ekki til greina tekið.

Á niðurjöfnun þeirri er fram hefur farið á þessu hausti, er mjer gjört að greiða 40 krónur í aukaútsvar, eða 5 krónum meira en síðastliðið ár. Þetta útsvar virðist mjer ofhátt og leyfi mjer því að fara fram á að það sje lækkað að mun, og eru ástæður mínar fyrir þessari beiðni minni þær er hjer

hjá Konf. segir: Jeg hef mikla ómegð, 4 börn á ómagaldri, þaraf einn pilt í latínuskólanum, og tengdamóður 88 ára gamla, sem einlægt liggur í rúminu. Auk þessa, er áðurnefnt útsvar allt of hátt saman borið við útsvar ýmsra annara hjer í bæ; jeg vil til dæmis nefna verzlunarmann

№ 23/1896. – 24/12 96.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Andrjes Andrjesson hjá Bryde, er aðeins hefur 25 kr., en þó víst fullt eins góðar ástæður og jeg; og sömuleiðis vil jeg tilnefna Gísla Tómasson verzlunarmann, sem einnig hefur 25 kr. Ennfremur er afmörkuð lagt á mig í samanburði við þá borgarfulltrúa Gunnar Gunnarsson (14 kr.), Hannes Ó. Magnússon (16 kr.), Jón Eyvindsson verzlunarmann hjá Breiðfjörð (12 kr.), Sigurgeir Torfason (12 kr.), Ingvar Pálsson hjá Thorsteinsson (18 kr.) o. fl.

Þegar hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd athugar þetta sem að framan er skráð, hef jeg þá von, að hún finni ástæðu til að lækka útsvar mitt að mun.

Reykjavík 23. desbr. 1896.

Virðingarfyllst

H. Guðmundsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 Börn á ómaga-aldri.—
1 drengur í skóla, hjá Thomsen.
Tengdamóðir gömul.

---

2 fullkomnir vinnumenn
annar hjá Thomsen.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra verzlunarmaður Þorsteinn Guðmundsson í Reykjavík!

Bæjarstj. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Eptir að niðurjöfnunarnefndin hafði meðtekið bréf yðar, dags. 23. f. mán., þar er þér kærið yfir aukaútsvari yðar fyrir yfirstandandi ár, hefur hún íhugað og rætt kæru yðar á fundi, og síðan úrskurðað, að aukaútsvar yðar verði *eigi* lækkað eptir kærunni.

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, skal jeg geta þess; að með því að aukaútsvarsbyrði bæjarins er að mun hærri í ár en í fyrra, og með því að mjög stórir gjaldendur hafa fallið frá, án þess að aðrir jafngildir hafi við bætzt, varð nefndin að hækka útsvörin á fjöldamörgum bæjarbúum. Eptir efnahag og yðar og ástæðum áleit hún að þér ættuð að vera einn í þeirra tölu, og hækkaði því gjald yðar um 5 kr. Þér hafið sjálfur góða atvinnu, og einn sonur yðar sömuleiðis fasta ársatvinnu við verzlan. Efnahagur yðar álitst í mjög góðu lagi, sem sjálfsagt er að þakka dugnaði yðar, ráðdeild og sparsemi. Á hinn bóginn kannast nefndin við það, að þér hafið talsverða ómegð, þar sem er tengdamóðir yðar, drengur í latínuskólanum og 2 börn í [illegible] En slíkt

Lýður

No 23/1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að eins hyggur hún, að gjald þetta
sje ekki of hátt, þegar litið er til þarfa
bæjarfjelagsins; og eigi hefur
nefndin heldur álitið tiltæki-
legt að breyta útsvari á mönnum
þeim, sem þeir nefnið til saman-
burðar í kæru þessari. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895 – 18,00
1896 – 25,00

Jeg leifi mjer hjermeð að snúa mjer til hinnar heiðruðu Niðurjöfnunnarnefndar útaf útsvari mínu fyrir árið 1897 þar hin heiðraða nefnd hefur hækkað bæjargjald mitt, um 7 Krónur úr 18 Krónum uppí 25 Krónur. Jeg veit enga ástæðu hversvegna tekjur mínar eru eða hafa verið þettað ár, engu betri en undanfarandi. Þar að auki hef jeg beðið mikið tjón þettað ár, borga sama skólagjald sem er 45 Krónur, misst bát sem jeg varð að borga að helmingi. Jeg get nemt einn mann til samburðar nafna minn Kristjánsson bóksala sem borgar 75 Krónur, en jeg með barnaskóla gjaldi kemst uppí 70 Krónur. það synist mjer ekki jöfnuður. Jeg orðlengi ekki þetta meir en fel hinni heiðruðu nefnd að gjöra út um það mál.

Virðingarfylst

Reykjavík 12/12 – 96

Jónsson

Jón Sigurðsson hjá Christensen gjald-
[illegible] — Verði lækkað á Sig., lækki
Jón um [illegible] minnst 10 Kr. —

No 24/1896. – 24/12 96. –

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra fangavörður Sigurður Jónsson,

Reykjavík.

Í Njarðv. Reikn., 9. Jan., 1897.

Lauk margra annara

No 24/1896.– Lydar

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef yðar, dags. 12. f. mán., þar er þjer kærið yfir auka-útsvari því, 25 Kr., sem niðurjöfnunar-nefnd Reykjavíkur hefur ákveðið fyrir yður fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg þessa kæru yðar fyrir nefndina, og hefur hún á fundi rætt hana og athugað, og síðan úrskurðað, að gjaldið verði eigi lækkað.–

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, skal jeg taka það fram, að með því að aukaútsvars upphæð bæjarins nú er að mun hærri en í fyrra, og 2 af hæstu gjaldendum bæjarins hafa fallið frá, án þess að aðrir rétt við í þeirra stað þessum 2 hafi við bæst, varð niður-jöfnunarnefndin að hækka útsvör margra bæjarbúa.– Eptir efnahag yðar og ástæðum álítur nefndin, að þjer ættuð að vera einn í þessum flokki.– Hún byggir að því leyti á ástæðum yðar sjálfs þessum góðum, og þó að þjer hafið tals-verða ómegð, þá hafa 3 af börnum yðar í vetur ofan af fyrir sjer, og hafa góða atvinnu.– En sjerstak-lega skal það tekið fram, að nefnd-in hefur eigi lagt útsvar á Jón son yðar, sem hún telur vera á vegum yðar.– Hann hefur góða atvinnu við ~~verz~~ verzlun, og ef nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði lagt á hann sjálfstæðlega, mundi það gjald eigi hafa orðið minna en 6–8 krónur. Nú greiðir hann það ekki. ~~og~~ en hækkaði gjald yðar, svo sem það fór að. – Nefndinni hefur talizt svo til, að embættislaun tekjur yðar mundu vera um hálft annað þúsund krónur (1500 kr.); auk þess hafið þjer töluverðan búskap, eruð húseigandi, svo að það kemur að vera nokkuð ~~[illegible]~~ í skuld, og þjer gefið ymsar tómstundir til þess sem hið gamla handverk yðar. –

Af þessum ástæðum hefur nefndin eigi getað tekið kæru yðar til greina, og hefur eigi heldur fundið ástæðu til að lækka gjald á bóksala Sigurði Kristjánssyni, sem þjer nefnið til samanburðar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 2 Kr. –

nú – 24,00 –
1895 – 22,00.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að kæra fyrir hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd útsvar það er þeir er í nefndinni sitja hafa lagt á mig, nefnilega 24 Krónur, sem mjer þykir allt of hátt þegar maður tekur tillit til annara manna, sem hafa betri ástæður.

Jeg hefi fjögur börn fram að færa, og tvö af þeim verð jeg nú að kosta í barnaskólanum, enn tekjur mínar eru ekki 1000 Krónur, og eptir því getur hin heiðraða nefnd sjeð að 24 Króna gjald er of hátt.

Guðmundur Kristjánsson skipstjóri hefur 4 börn enn þarf ekki að kosta þau í sama skóla en sem komið er, og inntektir okkar eru jafnar, en nefndin lætur hann borga 14 Krónur, þetta vona jeg að nefndin álíti ekki rjett.

Kristján Bjarnason og fleiri skipstjórar eru látnir borga 20 Krónur, og þeir eru ómagalausir, og það mun hver sanngjarn maður sjá að það er ekki rjett, að láta ómagamann með fjórum börnum borga fjórar Krónur meira enn annan, sem engum hefur fyrir að sjá, og hafa þó jafnhá laun.

Þetta vona jeg að hin heiðraða nefnd taki til greina, og lækki gjald mitt talsvert, en hækki eptir gjald þeirra skipstjóra, sem eru ómagalausir.

Reykjavík 24. Desember 1896.
Virðingarfyllst
Páll Hafliðason

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

Nr. 25/1896. – 25/12 96. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra skipstjóri Páll Hafliðason,
Reykjavík.

Í N.jöfn. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef yðar, dags. 24. f. m., þar er þjer kvarið yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört yður fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg kæru yðar fyrir nefndina til íhugunar og úrskurðar, og hefur hún á fundi úrskurðað að lækka útsvarsgjaldið um 2 kr. (úr 24 kr. niður í 22 kr.).

Jafnframt og jeg tilkynni yður þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg geta þess, að henni þótti eigi vera ástæða til þess, að lækka útsvar þeirra manna, sem þjer nefnið til samanburðar í kæru yðar. —

No 25/1896. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvi Gunnarsson.

~~Kjøbenhavn.~~
~~Havnegade Nr. 19.~~

Gjöld kr 60,00.—

Lækkað um 10 kr.—

Hin mikilsvirta niðurjöfnunarnefnd, hefur lagt 60 kr auka útsvar á Íshúsfjelagið hjer í Reykjavík, sem mjer sýnist vera alltof hátt, og vil jeg því sem formaður fjelagsstjórnarinnar fara fram á, að nefndin lækki þessa upphæð

Íshúsfjelagið er upphaflega ekki stofnað, sem gróðafyrirtæki, heldur beinlínis til þess að efla sjávar útveginn, og flytja nytsamt fyrirtæki inn í landið.—

Bæjarbúar og aðrir hjer í grend hafa verið mjög sparsamir að styrkja fjelagið með aktíum, svo það er bæði fátækt og skuldugt, það framfleytir tilveru sinni aðeins á lánum, sem sjá má af því, að ennþá er ekki búið að leggja í það meira en 92 aktíur eða 4,600 kr. Að sönnu veitti Landsbankinn fjelaginu góðan styrk, en húsið með áhöldum kostar nálægt 13,000 kr., og kjöt og fiskur sem í því er yfir 4000 kr. virði; má af þessu sjá að fjelagið hlýtur að vera stór skuldugt og hefur allar sínar eigur veðsettar.—

Í fyrra sá fjelagið sjer eigi fært að greiða vexti til fjelagsmanna, og hætt við að á sömu leið fari í ár. Kostnaður er nálægt 200 kr. mánaðarlega, en tekjurnar minni suma mánuðina. Á engri verzlan hvílir jafn mikil hætta sem þessari, því fyrir litla óheppni, ef frostið fer snöggvast, þá getur orðið stór skaði, fyrir skemmdir á síld og matvöru.—

Þar sem Íshúsfjelagið hefur ~~er~~ stofnað hjer mjög nauðsynlegt framfarafyrirtæki, og fjöldinn styður það harla lítið, svo það á mjög erfitt uppdráttar, þá tel jeg það vafasamt, hvort rjett sje, að leggja nokkurt útsvar á fjelagið; en jeg vil þó ekki fara svo langt, heldur fara fram á að útsvarið sje lækkað um 2/3, eða að minnsta kosti um helming.—

No 26/1896.— 28/12 '96

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þó mjer virdist þetta útsvar of hátt, þá virdist mjer sum útsvör á skránni of lág, og vil jeg hjer benda á fá ein, ef hinni heidrudu nefnd sýndist ástæda til, ad taka þad til nýrrar yfirvegunar og breytinga. —

Þórdur Gudmundsson útvegsbóndi ádur í Glasgow, og verzl.stjóri Jón Nordmann með 65 kr. aukaútsvarz hver, bádir meiga þeir heita talsverdir eignamenn, ad skipum og fl. Gudmundur faktor Olsen hefur góda stödu, útsvar 40 kr. Sigurdur skipstjóri Jónsson í Görðunum hefur nokkrar eignir, og hafdi miklar tekjur af afla í sumar, útsvar 40 kr. Fleyri mætti nefna en jeg sleppi því í þetta sinn. Yfir höfud eru útsvörin lág á sumum hverjum smidum, sem hafa haft stödugra vinnu allt árid. —

Med mikilli virdingu

Reykjavík 27 Des. 1896

Tr. Gunnarsson

Til

Nidurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bankastjóri Tryggvi Gunnarsson,

Skrifst. Rvíkur, 9. Jan., 1897.

Eptir að jeg hafði meðtekið bréf Yðar, dags. 27. f. m., eptir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagði á íshúsfjelagið fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg hana fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar til íhugunar og umræðu, og hefur nefndin úrskurðað með tilliti til atvika þeirra, sem þjer tilgreinið í brjefinu; að lækka gjaldið um 10 kr. (úr 60 kr. ofan í 50 kr.), en lítt gat nefndin eigi tekið í mál, að sleppa fjelaginu alveg við útsvars-álag, þegar hún athugaði verzlun ~~fjelagsins~~ þess og atvinnurekstur, eins og hann var síðastliðið ár. –

Jafnframt og jeg tilkynni Yður þetta, hr. bankastjóri, eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, skal jeg geta þess, að henni þótti eigi vera ástæða til þess, að lækka útsvar þeirra manna, sem þjer nefnið til samanburðar í bréfi Yðar. –

No 26/1896. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 Kr.

Skrifað 30. desbr. 1896 } NB: af fund.
nefnd. sama dag }

að skrifa Gísla Tómassyni.

Í tilefni af því, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast að leggja á mig auka útsvar, ekki minna enn Kr. 10,00 fyrir árið 1897. Þá leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að láta megnustu óánægju mína í ljósi útaf þessum gjörðum nefndarinnar, sem jeg hygg að komi mest af ókunnugleik hennar.

Jeg vil þá leifa mjer að geta þess, að jeg er sem vinnumaður, hjá föður mínum, Gísla Tómassyni í Vestr.götu, og hefi 100. kr. kaup hjá honum, enn með því að ekki mun vanalegt vera lagt auka útsvar á vinnumenn hjer í bænum, þá vonast jeg til svo góðs, af hinni háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd að hún taki þessa kæru mína til greina, og sjái fljótlega, að hún er á ljósum rökum byggð. Jeg ætla ekki að gjöra hinni heiðruðu nefnd, neinar getsakir um það, hvað hún hafi haft fyrir augum, þá hún lagði þetta útsvar á mig, því jeg þykist vita að hún muni fljótt að bæta úr þessari vangá sinni.

Reykjavík 30. des 1896

Virðingarfyllst

Tómas Gíslason

Til № 27/1896. – 30/12 96. –

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Tómas Gíslason, Vesturgötu, Rvík.

Í Rvík, 11. Jan. 1897.

Með því að niðurjöfnunarnefndin eigi enn hefur meðtekið frá yður upplýsingu þá, sem hún ~~bað yður~~ ~~benti yður á~~ með bréfi 6. þ.m. benti yður á, að því gerðu að senda hingað til stuðnings útsvars-kæru yðar frá 30. f.m., skal jeg eptir beiðni nefndarinnar skýra yður frá, að hún því eptir mun eigi breyta útsvars álagi því, sem hún gjörði til handa yður í síðastliðnum nóvembermánuði. –

Nº 27/1896. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Tómas Gíslason á Vesturgötu, Rvík.–
Í Bjþ: Rvíkur, 6. Jan., 1897.

Með brjefi, dags. 30. f. m., hafið þjer skýrt niðurjöfnunarnefndinni frá því, að þjer sjeuð vinnumaður hjá föður yðar, Gísla Tómassyni á Vesturgötu, og teljið yður því óskylt að greiða aukaútsvar það, sem nefndin hefir nú gjört yður fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 10 kr.–

Út af þessu hefir nefndin ákveðið, að gjald þetta skuli falla niður fyrir yður, ef og þegar þjer hafið útvegað og sent til nefndarinnar yfirlýsingu föður yðar um, að þjer sjeuð vinnumaður hans í lögmæltum skilningi; og verður yfirlýsing þessi að vera gefin annaðhvort fyrir rjetti eða þó að minnsta kosti á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík fyrir honum sjálfum.–

Upplýsingarnar óskum vjer að fá eigi síðar en á Laugardag 9. þ. m.–

Herra Gísli Tómasson á Vesturgötu, Rvík.
Í Bjþ. Rvíkur, 6. Jan., 1897.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir í dag skrifað syni yðar Tómasi Gíslasyni á þessa leið

[Brjefið in extenso: „Með brjefi – – –
– – – fyrir honum sjálfum"]

Þetta finnum vjer ástæðu til að tilkynna yður vegna niðurjöfnunarnefndarinnar, og jafnframt geta þess, að verði Tómas leystur við aukaútsvarið fyrir þá sök, að hann sje vinnumaður yðar, þá mun gjald hans, lögum samkvæmt, verða lagt á yður sem viðbótargjald.

sjá

No 27 (196.– 30/12 96.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækk nú 10,00.
í 5 Kr 10,00.
um 4 Kr

No 28. Magnús Einarsson

Eftir að hafa yfir skoðað niðurjöfnunar Skrána sem nú fyrir liggur, þá kjemst jeg að þeirri niður stöðu að út svar mitt sje ekki sem ná kvæmast samann borið við aðra á tjeðu reiki til efna og ástæða. Mitt gjald er ákveðið kr 10 almdinni mun það kunnugt að jeg hef þrjú börn öll á þingstað ómaga aldri og svo er Kona mjín. Til að vinna firir þessu fólki eru ekki aðrir en jeg og að því við bætta að greiða hússa leigu. Til jafnaðar tek eg first Jens Bjarnarson Skrifaðann á Fjelagshúsi hann gengur hjer um bil að sömu vinnu og jeg og hefur konu sýna og eitt barn á hann eru lagðar kr 5 og eftir okkur samann börnum þá er annað tveggja of hátt á mjer eða of látt á honum eða. Jeg skal leifa mir að nefna líka Johannes Jafetsson í Fjelags húsi hann er hús eigandi og legir út hefur Konu

Nr 28/1896. — 28/12 96. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og eitt barn á hann eru lagðar að gnð
kr 8 og fleiri væri hægt að telja sem eru
á líku reki með lífs framm drátt og efni, en
misjafnir að gjaldi

Jeg vildi mega leifa mjer að fara
þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfn
unar nefnd að henni þóknaðist að yfir skoða
þettað betur og ef mitt útsvar þikir hafi
legt þá að hina verði hækkað en að öðrum
kosti að mitt verði fært niður

Litlaseli 7 Decbr 1896
Magnús Einarsson

Til
Niðurjöfnunar Nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Magnúsar Einarssonar á Litlaseli,
Reykjavík.—

Í Njfn. Rvíkur, 9. Jan. 1897.

Eptir að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafði meðtekið bréf yðar, dags. 7. f. mán., þar er þér kærið yfir auka-útsvari yðar fyrir yfirstandandi ár, hefur nefndin íhugað og rætt kæru yðar á fundi; og síðan úrskurðað að lækka útsvar yðar um 4 kr. (úr 10 kr. ofan í 6 kr.), en eigi þótt ástæða til þess, að lækka útsvar þeirra manna, sem þér hafið nefnt til samanburðar í kæru yðar.—

Þetta gefst yður hérmeð til vitundar eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar.

No 28
1896.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NB: Vara yfir því, að sleppt hafi verið nafninu.

Vegamótum 6/1 – 97

ákveðið 10 Kr. útsvar. ––

Vegna þess að nokkrir gjaldendur hafa litsvánagu yfir því að Oddur Arnórsson í Kapplaskjóli hafi ekki fundist á Niðurjöfnunarskránni fyrir árið 1897 enn ekki kært það á löglegann hátt þá leyfi eg mjer að leggja til að hann sje tekinn í galdenda töluna og honum síðan tilkynt það

Guðm Guðmundsson
Fálkahúsnum

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

No 29 / 1897 – 6/1 97 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Odds Arnórssonar

í Kaplaskjóli. Rvík.

Í N.J.N. Rvík, 11. Jan. 1897.

Með því að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur fengið kæru frá einum ~~gjalda~~ bæjarbúa í þá átt, að yður í hausts hafi verið sleppt ~~af~~ við niðurjöfnun ~~aukaútsvara~~ ~~til~~ bæjar~~skatta~~gjalda (auka-útsvara), hefur nefndin tekið þessa spurningu til yfirvegunar, og komist að þeirri niðurstöðu, að þjer eptir stöðu yðar sjeuð gjaldskyldur til sveitar í Reykjavík, og hefur hún því á fundi í dag ákveðið yður útsvar til Reykjavíkurkaupstaðar fyrir yfirstandandi ár 1897 að upphæð 10 - tíu - krónur. — Þetta þykir nefndinni rjett að tilkynna yður þjenustulega. —

No 29/1897. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útsvarskærur. —

1. Rafn Sigurðsson. —
2. Þorkell Halldórsson á Eiðsstöðum. —
3. Guðmundur Þorsteinsson á Pálshúsum. —
4. Halldór Kr. Þorsteinsson, stýrimaður, Rvík. —
5. Guðm. Guðmundsson, [illegible]. —
6. Jón Magnússon í Bráðræði. —
7. Þorsteinn Teitsson, Efri-Vegamótum. —
8. Guðmundur Einarsson, Nýjabæ.
9. Jóhannes Jónsson á Bakka. —
10. Ólafur Ólafsson í Reykjavík. —
11. Soffía Jónsdóttir á Bakka.
12. Jón Einarsson frá Kleppi. —
13. Erlendur Þorleifsson, Rauðará. —
14. Steingrímur Jónsson í Sölvhól.
15. Ólafur Þórðarson, Reykjavík. —
16. Steinunn Jónasdóttir, Tóttum. —
17. Davíð Jóhannesson, Stuðlakoti. —
18. Ástríður Melsted. —
19. Hannes Þorsteinsson, ritstjóri. —
20. Einar Magnússon, Holtastöðum. —
21. Steingrímur Thorsteinsson, Rvík. —
22. [illegible] Þorsteinsson, Rvík. —
23. Þorsteinn Guðmundsson, Rvík. —
24. Sigurður Jónsson, fangavörður. —
25. Páll Hafliðason, skipstjóri.
26. Tryggvi Gunnarsson frá Íshúsið. —
27. Tómas Gíslason, Rvík. —
28. Magnús Einarsson, Litlaseli. —

---

29. Guðm. Guðmundsson Vegamótum efri: Oddi Árnasyni sleppt. —
30. Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri efri við Vitastíg. — cfr. No 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur